



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómáráðherra kynnti í gær brotthvarf Haraldar Johannessen úr embætti ríkislögreglustjóra og nýtt lögregluráð með lögreglustjórum auk ríkislögreglustjóra. Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, verður ríkislögreglustjóri tímabundið. Áslaug Arna starfaði sem lögreglumaður hjá Kjartani 2015-2016. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Orkukaup um árabil í trássi við lög

Dreifiveitunni RARIK er gert skylt að fara með raforkukaup sín vegna dreifitaps í útboð samkvæmt úrskurði kærunefndar. Áttu eingöngu í viðskiptum við dótturfyrirtækið. Viðskipti dreifiveitna vegna orkutaps í dreifikerfum nema hundruðum milljóna á ári.

VIÐSKIPTI Dreifiveitum er ekki heimilt að einskorða raforkukaup sín vegna orkutaps í dreifikerfi sínu við tengd félög heldur er þeim skylt að bjóða kaupin út. Þetta var niðurstaða kærunefndar útboðsmála í máli sem var höfðað gegn dreifiveitunni RARIK en viðskipti af þessu tagi hlaupa á hundruðum milljóna króna á hverju ári.

„Það hafa miklir fjármunir verið að flæða á milli þessara tengdu fyrirtækja sem áður voru eitt og sama fyrirtækið og við höfum ekki fundið dæmi um jafn umfangsmik-

il og vísitandi brot á lögum um opinber innkaup. Þarna er verið að losa um mjög umfangsmikil viðskipti sem mikil leynd hefur hvílt yfir,“ segir Magnús Júlíusson, framkvæmdastjóri Íslenskrar orkumiðlunar, sem höfðaði málið gegn RARIK.

Dreifiveitur kaupa reglulega rafmagn á raforkumarkaði á hverju ári til að mæta orkutapi í dreifikerfinu. RARIK hefur eingöngu keypt rafmagn af dótturfélaginu Orkusölunni, sem starfar á sama markaði og Íslensk orkumiðlun. Niðurstaða

kærunefndar var sú að RARIK yrði að bjóða raforkukaupin út.

„Þessi úrskurður hefur þá þýðingu að á dreifiveitum hvílir ótvíræð skylda til að fara í útboð en það hefur allt verið reynt til þess að halda þessum viðskiptum innandyra. Með því að fara ekki í útboð eru dreifiveiturnar ekki að tryggja hagkvæmustu verð á hverjum tíma en kaupa þess í stað raforku af tengdum aðilum á uppsettum verðum,“ segir Magnús.

„Það verð fer beint inn í gjaldskrá dreifiveitnanna sem gerir dreifi-

Á endanum eru það einstaklingar og fyrirtæki í landinu sem borga brúsann fyrir þessa ólögmetu háttsemi.

Magnús Júlíusson, framkvæmdastjóri Íslenskrar orkumiðlunar



kostnaðinn hærri en hann hefði þurft að vera. Á endanum eru það einstaklingar og fyrirtæki í landinu sem borga brúsann fyrir þessa ólögmetu háttsemi.“

Viðskipti RARIK og Orkusölnnar eru þó ekki einsdæmi. Allar dreifiveitur, að Veitum undanskildum, hafa keypt rafmagn af tengdu félagi til að mæta dreifitapi án útboðs. Þá hefur Landsnet keypt raforku til að mæta tapi í flutningskerfinu í gegnum útboðsferli um nokkurra ára skeið.

– þfh / sjá Markaðinn

Bækur á sama verði þrátt fyrir ríkisstuðning

NEYTENDUR „Það er mjög bagalegt ef bæði 25 prósentu stuðningurinn og lægri virðisaukaskattur er ekki að skila sér til neytenda,“ segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna.

Opinberar aðgerðir til stuðnings bókaútgáfu virðast ekki hafa skilað sér í lægra bóka-verði. Útgefandi hjá Bjarti Veröld segir heildsöluverð bóka hafa verið óbreytt í nokkur ár.

– khg / sjá síðu 4



Breki Karlsson.

Engihjalli
Vesturberg
Arnarbakki
Glæsibær
Staðarberg

Iceland

Skemmtileg jólavara!

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Glæsileiki

ROLEX TUDOR

TAG Heuer LONGINES

NOMOS GLASHÜTTE TISSOT

MICHELSEN 1909


Hafnartorg • 511 1900 • michelsen.is

Bjóðast til að minnka hlut sinn í Play

VIÐSKIPTI Stjórnendur Play bjóðast nú til að minnka hlutdeild sína í 30 prósent á móti 70 prósentu eignarhlut þeirra fjárfesta sem fást til að leggja félaginu til um 1.700 milljónir í hlutafé. Fyrri áform gerðu ráð fyrir að fjárfestar eignuðust helmingshlut fyrir hlutafjárframlag sitt.

Hlutafjársofnun Play hefur gengið erfiðlega og í lok síðustu viku var kannaður áhugi fjárfesta á að leggja Play til fjármagn til næstu mánaða, samanlagt hundruð milljóna, með því að kaupa skuldabréf til skamms tíma af félaginu sem myndi bera 20-25 prósentu vexti. Tilgangurinn væri að tryggja Play nægjanlegt rekstrarfé fram á næsta ár á meðan unnið yrði að því að ljúka hlutafjársofnun. – hae / sjá Markaðinn

Veður



Suðvestlæg átt 3-10 m/s í dag, en vestan strekkingur með S-ströndinni. Viða éljagangur, en þurrt Nalands. Hiti um og undir frostmarki.

SJÁ SÍÐU 14

Fá ekki greitt í séreignarlífeyri

STJÓRNSÝSLA Kjörnir fulltrúar í Kópavogi fá ekki greidd mótframlög í lífeyrissjóði vegna séreignarsparnaðar, ólíkt því sem tíðkast í nágrennasveitarfélögunum. Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins óskar eftir því að málið verði skoðað.

Á síðasta fundi forsætisnefndar Kópavogsbæjar óskaði Karen Elisabet Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og varamaður í nefndinni, eftir því að Kópavogsbær tæki til skoðunar hvers vegna bæjaryfirvöld greiði ekki mótframlög vegna séreignarsparnaðar kjörinna fulltrúa.



Karen Elisabet Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi.

„Ég hef setið í bæjarstjórn í tæp tvö ár og á þessum tíma hef ég greitt samvirkusamlega í séreignarsparnað og alltaf undrað mig á því að fá ekki mótframlag frá bænum. Þetta er einhver ákvörðun sem hefur verið tekin á sínum tíma en í sveitarstjórnarlögum er heimild til þess að móta sérstakar reglur um lífeyrissjóðsgreiðslur sveitarstjórnarmanna,“ segir Karen.

Að Karenar mati eru reglurnar barn sins tíma. Óeðlilegt sé að gera greinarmun á kjörnum fulltrúum og launendum starfsmönnum.

„Ég óskaði þess vegna eftir því að málið yrði skoðað frekar og síðan tekin afstaða til þess auk þess að fá upplýsingar um hvernig málum er háttað í nágrennasveitarfélögum,“ segir Karen.

Fréttablaðið sendi fyrirspurn á Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ um stöðu mála þar. Í svörum upplýsingafulltrúa sveitarfélögunna kemur fram að þar eigi sveitarstjórnarmeðlimir rétt á tveggja prósentu mótframlagi gegn jafnháu eiginframlagi í lífeyrissjóð. – **bj**

Kvöldverðarhlé



Borgarfulltrúar tókust á í gær á borgarstjórnarfundum en tóku sér þó hlé á sjöunda tímanum til að snæða saman kvöldverð. Misvisandi upplýsingar bárust úr Ráðhúsinu í gær og fyrradag um kostnaðinn við veitingar á fundum borgarstjórnar. Samkvæmt fyrstu útreikningum nam kostnaðurinn 360 þúsund krónum á hvern fund en síðdegis í gær var sagt að mistök hefðu verið gerð og að upphæðin væri 206 þúsund krónur. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**



Verðlaunahafar eftir afhendinguna. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**

Veita verðlaun í þrettánda sinn

FÓLK Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalagsins hlutu í ár Sólveig Ásgrímsdóttir fyrir bókina Ferðalag í flughálku, Réttinda-Ronja fyrir heimasíðu um réttindi fatlaðra, Stundin fyrir umfjöllun um réttindi öryrkja, sjúklinga og ellilífeyrisþega og Einhverfusamtökin fyrir heimildarmyndina Að sjá hið ósýnilega.

Það var forseti Íslands sem afhenti verðlaunin. Þetta er í þrettánda sinn sem þau eru afhent. – **jb**

Enginn hefur beðið Emilíu Rós afsökunar

Emilía Rós Ómarsdóttir hefur lýst áreitni af hálfu þjálfara hjá Skautafélagi Akureyrar. Enginn sem tók afstöðu með þjálfaranum hefur haft samband við Emilíu og enginn hjá íþróttahreyfingunni vill svara spurningum um málið.

SAMFÉLAG „Það hefur enginn haft samband við mig frá Skautafélagi Akureyrar og ekki heldur frá Íþróttabandalagi Akureyrar, ÍSÍ eða Skautasambandi Íslands,“ segir Emilía Rós Ómarsdóttir listskautari. „Ég bjóst því miður við því að það yrði þannig. Ég hef fyrir löngu misst trú og traust á þeim hreyfingum sem ég leitaði til vegna áreitni yfirþjálfara míns.“

Emilía Rós steig fram í viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins liðna helgi. Þar lýsti hún áreitni af hálfu þjálfara síns hjá Skautafélagi Akureyrar (SA), hvernig henni var ekki trúað og vanlíðaninni sem varð til þess að hún flutti frá Akureyri.

„Ég er samt fegin því að hafa sagt frá, ég vil geta mætt fólki og að það viti sannleikann,“ segir Emilía Rós.

Um helgina voru einnig birt skjáskot af skilaboðunum frá þjálfaranum sem styðja frásögn hennar. Þrátt fyrir þögn af hálfu þeirra sem standa með þjálfaranum hefur hún fengið mikil viðbrögð.

„Ég fékk mikil og falleg viðbrögð frá fólki um allt land. Mér þykir svo afskaplega vænt um stuðninginn og skilaboðin. Mér þykir líka vænt um það að eftir frásögnina treysti fleira fólk sér til að segja frá áreitni frá þjálfurum.“

Emilía Rós hefur hvorki fengið svör né afsökunarbeiðni frá Skautafélagi Akureyrar. „Ég get ekki tjáð mig um þetta mál,“ segir Birna Baldursdóttir, formaður stjórnar SA. Vilborg Þórarinsdóttir, fyrrverandi formaður listhlaupadeildar SA, vildi heldur ekki tjá sig um málið. „Ég held að ég sé ekkert að tjá mig um það,“ segir Vilborg. Vísaði hún á Birnu.

Jón Benedikt Gíslason, fram-



Emilía Rós steig fram í viðtali í síðasta helgarblaði. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**



Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ.

kvæmdastjóri Skautafélagsins, vildi heldur ekki tjá sig.

„Ég held að það sé búið að tjá sig um málið í fjölmiðlum en félagið getur ekki tjáð sig um mál iðkenda,“ segir Jón Benedikt.

Hver skrifaði yfirlýsingu á vef Skautafélagsins haustið 2018 um að engar sannanir væru fyrir því að þjálfarinn hefði brotið siðareglur?

„Ég get því miður ekki tjáð mig um málið.“

Getur þú sagt mér hvort Emilía verði beðin afsökunar?

„Nei, ég get ekki tjáð mig um neitt. Þetta er til skoðunar og ég get ekki tjáð mig um það.“

Emilía Rós sendi bréf á Líney Rut Halldórsdóttur, framkvæmdastjóra ÍSÍ, fyrir ári og fór yfir málið. Líney ræddi við Emilíu í síma, meðal annars um martraðir sem Emilía fékk. Mun Líney hafa ráðlagt henni að hugsa um eitthvað annað áður en hún færi að sofa. Tveimur vikum síðar fékk hún svör frá Líneyju um að lítið væri hægt að gera.

Líney Rut þekkti málið er hún var innt eftir því en vildi ekki láta hafa neitt eftir sér.

kristjanabjorg@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

Jólabókin á Bónusverði!

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

20 ár í Stekkjarbakka

Í TILFNI ÞESS AÐ GARÐHEIMAR HAFA VERIÐ STARFANDI Í STEKKJARBAKKA Í 20 ÁR ER:

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU Í DAG!



~ OPIÐ FRÁ 9 TIL 21 ~

Fyrrverandi útvarpsstjóri segist ekki treysta stjórn Ríkisútvarpsins

STJÓRNSÝSLA Páll Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi útvarpsstjóri, segist ekki treysta stjórn Ríkisútvarpsins til að ráða nýjan útvarpsstjóra.

Margrét Magnúsdóttir útvarpsstjóri segir Ríkisútvarpið telja að ákvörðun stjórnar RÚV um að birta ekki nöfn umsækjenda um starf útvarpsstjóra standist lagalega.

„Fyrir liggur að samkvæmt upplýsingalögum ber Ríkisútvarpinu ekki að birta nöfnin. Má raunar

draga í efa hvort Ríkisútvarpinu væri það yfir höfuð heimilt án skýrrar lagaheimildar ella að slíkt hefði sérstaklega verið áskilið í auglýsingu um stöðuna, þar með talið vegna persónuverndarsjónarmiða,“ segir Margrét.

Fram að þessu hefur RÚV ávallt birt nöfn umsækjenda um störf, þar með talin nöfn þeirra 39 sem sóttu um stöðu útvarpsstjóra árið 2014. Þetta atriði var sérstaklega tekið fram í persónuverndaryfirlýsingu

á vef RÚV sem var breytt í fyrradag.

„Í tengslum við þessa skoðun kom í ljós að fullyrðing í persónuverndaryfirlýsingu RÚV stóðst ekki í samræmi við upplýsingalög og því var ákveðið að breyta henni,“ segir Margrét.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur óskað eftir skýringum frá RÚV. Kári Jónasson, formaður stjórnar RÚV, sagði hugmyndina hafa komið frá ráðgjafarfyrirtækinu



Páll Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Capacent. Capacent hefur ekki svarað fyrirspurn Fréttablaðsins.

„Þessi siendurtekni vandræðagangur og vanhæfni af hálfu stjórnar Ríkisútvarpsins skapar vantraust. Af þeim ástæðum þá tel

ég ihugunarefni fyrir stjórn Ríkisútvarpsins hvort hún ætti ekki í ljósi stöðunnar að víkja,“ sagði Páll Magnússon á Alþingi í gær.

„Ekki treysti ég henni til að taka þá ákvörðun að ráða nýjan útvarpsstjóra miðað við alla þessa himinhrópandi vanhæfni og vandræðagang. Ef hún kys ekki að gera þetta er það ihugunarefni fyrir menntamálaráðherra hvort hann ætti að boða til hluthafafundar og víkja stjórnendum.“ – ab



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Flutti tvítugur á eyðibýli og gerðist bóndi Tvítugur að aldri ákvað Kristófer Orri Hlynsson að standa á eigin fótum, flutti á eyðibýli með tólf ær og hóf búskap.

2 Óttinn við HIV ástæðulaus

Páll Óskar var einn fyrstu Íslendinganna sem prófaði forvarnarlyf gegn HIV. Hann segir lyfið hafa gerbreytt lífi sínu.

3 Steingrímur játaði að hafa gert mistök

Steingrímur J. Sigfússon var gagnrýndur af stjórnarandstöðunni á Alþingi sem sakaði hann um að gera tilraun til að ritstýra fyrirspurnum þeirra.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Hlaupahjól á nagladekkjum

SAMGÖNGUR Hjól á vegum rafmagnshlaupahjólaleigunnar Hopp verða útbúin nagladekkjum í vetur. Er þetta til að halda þessum ferðamáta við allt árið um kring.

Að sögn Eyþórs Mána Steinarssonar, rekstrarstjóra Hopps, hefur komið á óvart hversu lítið leigan hefur dalað þegar veður versnaði.

„Upphaflega sáum við fyrir okkur að veturinn yrði erfiður fyrir okkur en þetta er miklu meira en við áttum von á,“ segir Eyþór Máni. „Við munum þó taka hjólin úr umferð ef það kemur stormur.“ – ab

Skilur vonbrigði varðandi niðurstöður PISA-könnunar

Niðurstöður PISA-könnunarinnar voru kynntar í gær en samkvæmt henni versnar árangur íslenskra nemenda þegar kemur að lesskilningi. Hins vegar batnar árangurinn í stærðfræði og helst svipaður í náttúruvísindum. Menntamálaráðherra boðar ýmsar aðgerðir til að bregðast við niðurstöðunum.

MENNTAMÁL „Ég hef skilning á því að það eru vonbrigði með þessa niðurstöðu varðandi lesskilning. Það voru miklar væntingar til lesskilningsins enda búið að vinna mikið í þessum málum undanfarin ár,“ segir Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, um niðurstöður PISA-könnunarinnar sem kynntar voru í gær.

Könnunin var lögð fyrir 15 ára nemendur vorið 2018 en hún hefur verið gerð á þriggja ára fresti frá 2000. Svarhlutfallið á Íslandi var 87 prósent en nemendur í 142 grunnskólum tóku þátt. Í PISA-könnuninni er lesskilningur mældur, stærðfræðilæsi og læsi á náttúruvísindum.

Íslenskir nemendur fengu að meðaltali 474 stig fyrir lesskilning sem er um átta stigum minna en í könnuninni 2015. Aðeins sex OECD-riki voru með marktækt færri stig að meðaltali en Ísland, fimm lönd fengu álíka mörg en 24 lönd voru með marktækt fleiri stig.


Hlutfall nemenda sem ekki ná grunnhæfni í lesskilningi eykst úr 22 prósentum í 26 prósent milli kannana. Hjá drengjum eykst þetta hlutfall úr 29 prósentum í 34 prósent.

Læsi nemenda í náttúruvísindum en nánast óbreytt frá könnuninni 2015 og er Ísland undir meðaltali OECD. Hins vegar er frammistaða nemenda marktækt betri í stærðfræði en í síðustu könnun og er í heild yfir meðaltali OECD. Ísland er neðst Norðurlandanna í öllum þremur matsflokkum PISA-könnunarinnar.



Arnór Guðmundsson segir niðurstöðuna hvatningu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Árangur Norðurlandanna í lesskilningi



Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir þessar niðurstöður ekki koma sér á óvart. Hún boðar viðtækar aðgerðir til að bregðast við niðurstöðunum.

„Við erum búin að greina þetta og erum að fara í ýmsar aðgerðir. Við ætlum meðal annars að fjölga mót-

urmálmstímum og leggja stóraukna áherslu á íslensku í öllum greinum,“ segir Lilja.

Einnig þurfi að leggja mikla áherslu á að auka orðaforða nemenda og þar nefnir Lilja markmið um 98 prósentu regluna. Samkvæmt henni þurfa nemendur að þekka 98

Við erum búin að greina þetta og erum að fara í ýmsar aðgerðir.

Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra

prósent orða í texta námsgagna til að geta skilið og tileinkað sér innihaldið án aðstoðar.

Þá þurfi að horfa til landa sem hafi náð góðum árangri í PISA. „Ef við lítum bara á Svíþjóð þá eru á miðstigi 35 prósent fleiri móturmálmstímar en hér. Við ætlum að breyta þessu.“

Gera á breytingar á viðmiðunarstundatöflum þar sem líka á að fjölga kennslustundum í náttúruvísindum. Auk þess verður starfsþróun kennara eflað og kennurum með sérhæfða þekkingu fjölgað.

„Þegar við náum þessu fram munum við sjá betri árangur. Það er gríðarlegur mannaúður á Íslandi en allt þetta þarf að vinna í góðu samstarfi við skólasamfélagið, sveitarfélögin og heimilin í landinu,“ segir Lilja.

Arnór segir niðurstöður PISA nú hvatningu til að gera betur en vidurkennir að mikil vinna sé fram undan. „Við höfum viljað horfa á nokkra þætti, sérstaklega starfsþróun kennara og þá í tengslum við námskrána, innleiðingu hennar og eflingu þess hvernig er unnið með námsgögn og námsmat.“

sighvatur@frettabladid.is



OFURSTELPAN SIGURFLJÓÐ ER MÆTT AFTUR!

Falleg og skemmtileg saga fyrir þau yngstu eftir verðlaunahöfundinn Sigrúnu Eldjárn

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla daga í desember; sjá nánar á www.forlagid.is





Þjóðþjónusta

BREYTIR ÖLLU



Nýtt Íslandsbankaapp

Með nýja Íslandsbankaappinu sinnir þú allri helstu bankþjónustu hvar og hvenær sem er á einum stað á einfaldan og öruggan hátt. Í appinu getur þú greitt reikninga, dreift greiðslum, séð allt um kortin þín, sótt um lán, stofnað sparnað, nálgast rafræn skjöl og margt fleira.

Vertu í hópi ánægðustu viðskiptavina í bankþjónustu á Íslandi*
og sæktu nýja Íslandsbankaappið á islandsbanki.is/app



* samkvæmt Íslensku ánægjuvöglinni



Sæmundur



Fréttablaðið, ÓKP 31. október 2019

Einstakar sögur af íslensku sauðkindinni



Bókin sem bókmenntaelítan hafnaði árið 1994 á meira erindi en nokkru sinni á MeToo-tímum.




Ekki raunasaga og ekki grátsaga. Þetta er sannsaga – lífs saga.



Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2019. Heillandi og hófstíllt verk þar sem hugsanir um æsku og elli vega salt.



Münchhausen Íslands en líka einstaklega nákvæmur sagnaritari sem gefur okkur innsýn í fyrri tíma. Naivistinn slær hér einstakan tón fegurðar og tærleika.



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra á blaðamannafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ríkislögreglustjóri út

Haraldur Johannessen hættir sem ríkislögreglustjóri um áramótin. Lögreglu- ráð, samráðsvettvangur lögreglustjóra og ríkislögreglustjóra, tekur þá við.

STJÓRNSÝSLA Dómsmálaráðherra hefur komið á fót sérstöku lögreglu- ráði sem í munu sitja lögreglu- stjorar og ríkislögreglustjóri. Þetta kom fram á blaðamannafundi í Ráðherrabústaðnum í gær.

Lögreglu ráð tekur til starfa um áramót og á að funda mánaðarlega. „Lögreglu ráð eru víða í löndum sem við berum okkur saman við. Það mun sjá um ákveðið samræm- ingarhlutverk og eykur samtali milli lögreglustjóra og ríkislögreglu- stjóra. Ég held að þarna séum við að svara því kalli um aukid form- legt samráð sem ég hef fundid fyrir á öllum fundum mínum með öllum aðilum sem að lögreglunni koma,“ segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra.

Í gærmorgun tilkynnti Haraldur Johannessen að hann myndi láta af störfum sem ríkislögreglustjóri um áramótin eftir 22 ára starf. Á blaðamannafundinum þakkaði Áslaug Arna honum fyrir vel unnin störf. Kemur hann til með að sinna verkefnum í ráðuneytinu. Haraldur verður á launum fram á árið 2022.

Í kveðjubréfi til samstarfsmanna lýsir Haraldur sýn sinni á skipulags- breytingar innan lögreglunnar.

„Ég tel eðlilegt að í okkar tiltölu- lega fámenna samfélagi sé heilla- vænlegt og í raun óhjákvæmilegt

Ég tel eðlilegt að í okkar tiltölu- lega fámenna samfélagi sé heillavænlegt og í raun óhjákvæmilegt að stefna að því að landið verði eitt löggæsluumdæmi.

Haraldur Johannessen ríkislögreglu- stjóri



að stefna að því að landið verði eitt löggæsluumdæmi, eitt embætti, einn lögreglustjóri,“ segir í bréfinu.

Mikil ólga var í kringum Harald vegna framkomu hans og fata- og bílakaup lögreglunnar. Ólgan magnaðist eftir viðtal við Morgun- blaðið í september þar sem hann sagði að ef til starfsloka hans kæmi kallaði það á „itarlegri umfjöllun“ hans um valdabaráttu að tjaldabaki. Í kjölfarið lýstu átta af níu lögreglustjórum vantrausti á hann.

Búast má við auglýsingu um starf ríkislögreglustjóra á næstu dögum. Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, tekur við starfinu tíma-

bundið, en hann ætlar ekki að sækja um stöðuna.

„Ég er bara að koma þarna inn tímabundið og fer að vinna og skoða þessar breytingar sem þarf að ráðast í,“ segir Kjartan. „Ég tek kannski ekki sem ríkislögreglu- stjóri neinar stefnumarkandi á- kvarðanir og starfa stutt.“

Áslaug Arna telur að lögreglu- ráðið muni lægja öldurnar.

„Já, ég hef heyrt það beint frá lö- greglustjórum og lögreglumönnum að þessi hugmynd leggist vel í fólk og ég bind miklar vonir við að þarna sé hægt að taka á hinum ýmsu málum, ræða þau og kryfja til mergjar.“

Margar lausnir voru skoðaðar, þar á meðal að sameina Embætti ríkislögreglustjóra og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

„Á næsta ári mun ég eiga gott samtali við nýjan ríkislögreglustjóra og lögreglu ráð um framtíðarskipan lögreglumála. Ég legg áherslu á það að nokkur verkefni séu á borði ríkislögreglustjóra sem ættu að vera annars staðar, en ég held að það þurfi að styrkja stjórnsýslulegt hlutverk ríkislögreglustjóraemb- ættisins og það þarf að vera mjög skýrt eins og á hinum Norðurlönd- unum,“ segir Áslaug Arna.

arib@frettabladid.is

Stuðningur við útgáfu skilar sér misvel

NEYTENDUR Allt að tæplega 56 prósentu verðmunur var á nýjum bókum í óformlegri könnun Fréttablaðsins í gær.

Skóðað var verð á fimm vinsælum jólabókatitlum í fjórum verslunum í Kringlunni, Bónus, Hagkaupum, A4 og Pennanum Eymundsson. Mestur reyndist munurinn á Tregasteini, bók Arnaldar Indriðasonar, eða 55,6 prósent á milli Bónuss og A4.

Ellefu prósentu virðisaukaskattur var felldur niður af bókum í byrjun árs og 25 prósent af beinum útgáfu- kostnaði verða endurgreidd. Virðist það skila sér misvel í verði.

Til að mynda er Tregasteinn á sama verði og jólabók Arnaldar Indriðasonar í fyrra, Stúlkan hjá brúnni, í Bónus eða á 4.498 krónur og aðeins 10 krónum dýrari í A4. Gerð var sams konar könnun þá. Verðið á Arnaldi er hins vegar 700 krónum lægra í Hagkaupum og 1.700 krónum í Eymundsson, en þar var hún merkt á tilboði eins og nokkrar aðrar vinsælar bækur.

Verð nýrra bóka í fjórum verslunum í Kringlunni

Tregasteinn	A4	Bónus	Hagkaup	Penninn Eymundsson
Arnaldur Indriðason	6.999	4.498	4.999	5.299
Þögn				
Yrsa Sigurðardóttir		4.479	4.999	5.299
Innflytjandinn				
Ólafur Jóhann Ólafsson	6.999	4.695	5.399	5.299
Nornin				
Hildur Knútsdóttir	4.899	3.398	3.999	4.999
Þinn eigin tölvuleikur				
Ævar Þór Benediktsson	4.999	3.298	4.199	4.100

Þögn, bók Yrsu Sigurðardóttur, er 100 krónum dýrari í Bónus í ár en Brúðan var í fyrra. Hún hefur hins vegar lækkað í Hagkaupum og Pennanum.

„Það er mjög bagalegt ef bæði 25 prósentu stuðningurinn og lægri virðisaukaskattur er ekki að skila sér til neytenda,“ segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna. Samtökin muni leita svara um hvert lækkanin skilar sér.

Pétur Már Ólafsson, útgefandi hjá

Bjarti Veröld, segir að útgáfunar stýri ekki verðlagi einstakra bóða en heildsöluverðið hafi verið óbreytt í nokkur ár. „Útgefendur hafa verið að taka á sig hækkunir,“ segir hann.

Egill Örn Jóhannsson hjá Forlaginu segir að heildsöluverðið hafi lækkað á sumum sambærilegum bókum en staðið í stað hjá öðrum. Þeir segja báðir að miðað við neyslu- vísitölu ættu bækur að vera dýrari.

Samkvæmt Agli er 15 prósentu aukning í sölu miðað við í fyrra. – khg

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR FLYTJA SIG UM SET

HÖFUM OPNAÐ AÐ VATNAGÖRÐUM 24



Honda Civic Elegance

Nýskráður 3/2018, ekinn 11 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.990.000

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun.



Honda Jazz Trend

Nýskráður 6/2017, ekinn 35 þús.km.,
bensín, 6 gírar.

Verð kr. 1.690.000

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun.



Peugeot 5008 Style 7 manna

Nýskráður 2/2016, ekinn 79 þús.km.,
dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.990.000

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun.



Peugeot 208 Active

Nýskráður 9/2013, ekinn 64 þús.km.,
dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 990.000

Möguleiki á allt að 100% fjármögnun



Peugeot 108 Active

Nýskráður 3/2016, ekinn 57 þús.km.,
bensín, 5 gírar.

Verð kr. 790.000

Möguleiki á allt að 100% fjármögnun



Honda HR-V Comfort

Nýskráður 11/2016, ekinn 94 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.190.000

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun



Honda CR-V Executive

Nýskráður 6/2019, ekinn 2 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 5.990.000

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun



Honda CR-V Elegance dísil

Nýskráður 6/2017, ekinn 84 þús.km.,
dísel, sjálfskiptur 9 gírar.

Verð kr. 3.690.000

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun



Honda CR-V Elegance navi

Nýskráður 6/2017, ekinn 80 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 3.490.000

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun



Honda CR-V Elegance

Nýskráður 7/2016, ekinn 73 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur 5 gírar.

Verð kr. 3.190.000

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun



Honda Civic Type-R GT

Nýskráður 3/2018, ekinn 9 þús.km.,
bensín, 6 gírar.

Verð kr. 5.490.000

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun



Honda Civic Comfort

Nýskráður 5/2018, ekinn 17 þús.km.,
bensín, 6 gírar.

Verð kr. 2.690.000

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun

**KOMDU OG GERÐI GÓÐ KAUP
Í GÓÐUM NOTUÐUM BÍL
SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI**

Opnunartími

Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00

Opnið allan sólarhringinn
á notadir.bernhard.is



NOTAÐIR BÍLAR

Vatnagörðum 24 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Aðför óþarfans



Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Hátíð ljóss og friðar gengur brátt í garð í allri sinni dýrð. Auglýsingaskiltin tendruð og skammdegíð lýsist upp. Kaupmenn ærast og öllum óþarfa heimsins er otað að neytand- anum með fögrum gylliboðum um verðlækk- anir og einstakt notagildi varningsins.

Jólahátíðin hefur breyst ört á undanförmum árum og jólagjafirnar verða sífellt stærri og fleiri. Helstu breytingarnar eru tilkomnar vegna hinna erlendu neyslúhátíða sem hafa rutt sér til rúms víða um heim og eiga það allar sameiginlegt að reyna að kafa sem dýpst í pyngju neytandans.

Svartur föstudagur, dagur einhleypra, net- mánuðagur og önnur álíka undarleg og illa þýdd orð er að finna í öllum helstu sjónvarps-, útvarps- og prentauglýsingum með þeim afleiðingum að kaupæði rennur á landann. Örtroðin verður slík að menn troðast hver um annan þveran, 35 prósent afsláttur hér, 70 prósent afsláttur þar og allt er keypt. Neyslan verður jafnan óhófleg og hávær umræða um kolefnisfótsporíð fellur um sjálfa sig. Kaup- gleðin í algleymingi.

Við þessu hafa nokkur fyrirtæki ytra reynt að sporna með því að sniðganga þessa stærstu verslunardaga. Bandaríska útivistarverslunin Rei er þar í fararbroddi en á svörtum föstudegi skellir hún í lás og allir þrettán þúsund starfs- menn fyrirtækisins fá greidd laun fyrir að fara út að plokka, eða að tína rusl. Fleiri fyrirtæki, samtök og einstaklingar hafa slegist í hópinn og talið er að mörg hundruð þúsund manns hafi lagt sitt af mörkum síðasta föstudag.

Um er að ræða nokkurra ára gamalt átak sem ber yfirskriftina #OptToAct, sem merkir að taka ákvörðun um að bregðast við, ákvörð- un um að gera betur. Markmið átaksins er fyrst og fremst að stuðla að aukinni úti- vist, allt árið um kring, en rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli útiveru og bættrar umhverfisvitundar.

Það er vel og ætti að vera hvatning fyrir fyrirtæki hérlendis. Ábyrgð fyrirtækja og atvinnulífs þegar kemur að einhverjum mest aðkallandi vanda samtímans, loftslagsvand- anum, er nefnilega mikil. Við munum hins vegar engu geta breytt á meðan eftirspurnin er stöðugt fyrir hendi. Þess vegna er mikilvægt að neytandinn hugsi sig tvisvar um þegar markaðsskrímilin gera vart við sig: Þurfum við í raun og veru á öllu þessu að halda, er þetta jafnvel óþarfi? Margt smátt gerir eitt stórt og komandi kynslóða vegna þarf að halda þessari umræðu á lofti.



Neyslan verður jafnan óhófleg og hávær um- ræða um kolefnisfót- sporið fellur um sjálfa sig. Kaupgleðin í algleymingi.

Halldór



Frá degi til dags

Jólaandinn

Það fer ekki fram hjá neinum sem heimsækir miðborgina þessa dagana að jólin eru á næsta leiti. Óslóátréð er komið upp, jólavættir borgarinnar komnir á sinn stað og búið að opna jólaskóg í Ráðhúsinu. Jólaandinn svífur ekki síður yfir vötnum á fundum borgar- stjórnar. Þannig kallaði Vigdís Hauksdóttir Piratann Dóru Björt Guðjónsdóttur drullu- sokk og skítadreifara í ræðu í gær. Þær stóllur hafa vonandi getað rætt málin af yfirvegum að fundi loknum en þá ætluðu borgarfulltrúar að snæða saman jólamat. Það er bara að vona að þær hafi farið varlega í jólaólið.

Garður Miðflokksins

Þverpólitísk nefnd skilaði umhverfisráðherra skýrslu í gær með tillögum um útfærslu að stofnun þjóðgarðs á miðháland- inu. Í nefndinni sátu fulltrúar allra flokka á Alþingi auk full- trúa Sambands sveitarfélaga. Athygli vekur að fulltrúi Mið- flokksins sagði sig frá störfum nefndarinnar við lok vinnunnar og skrifaði ekki undir skýrsl- una. Það er kannski ekkert nýtt að Miðflokkurinn syndi á móti straumnum. Mögulega vill flokkurinn vernda hagsmuni útilegumanna og jólasveina sem samkvæmt könnunum eru mjög hallir undir stefnu flokksins. sighthatur@frettabladid.is

Jöfn tækifæri



Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi fyrir Sjálf- stæðisflokkinn í Reykjavík



Eftir sem áður leggur undirrituð til að Reykja- víkurborg tryggji jöfn opinber framlög með hverju barni í skólakerf- inu, óháð rekstrar- formi þess skóla sem um ræðir.

Einkaframtakið er víða leiðandi í framþróun skóla- starfs. Sjálfstætt reknir skólar hafa auðgað skóla- flórana og fjölgað valkostum fyrir fjölskyldur. Um það verður ekki deilt. Þeir hafa kynnt til leiks nýstárlega hugmyndafræði og nýjar framsækningar skólustefnur. Þeir hafa veitt foreldrum fleiri valkosti um áherslur í uppeldi og menntun barna sinna. Þeir hafa tryggt fjölskyldum meira frelsi og meira val.

Ísland er eftirbátur nágrannaþjóða hvað varðar einkarekstur í skólakerfinu. Hérlendis eru aðeins 15% allra leikskólabarna í sjálfstætt starfandi leikskólum og einungis 2,3% allra grunnskólabarna í sjálfstætt starfandi grunnskólum. Árangur íslenskra barna í PISA- könnunum hefur valdið vonbrigðum.

Í Hollandi er löng hefð fyrir einkareknum skólum en um 70% allra grunnskólabarna sækja þar nám í sjálf- stæðum skólum. Sjálfstæðir skólar í Hollandi hafa víða vakið athygli fyrir framúrskarandi menntun og góðan rekstur. Skólarnir keppa um nemendur og hvatinn til framfara er mikill. Holland mælist meðal efstu þjóða í PISA- könnunum, jafnvel ofar en fyrirheitna landið Finn- land. Hollenska skólakerfið er gott dæmi þess að aukid valfrelsi og meiri samkeppni í skólamálu skilar árangri.

Rekstrarumhverfi sjálfstæðra skóla hérlendis er erfitt. Opinber framlög til sjálfstæðra skóla eru almennt takmörkuð við 75% af framlögum til opinberra skóla. Innheimta skólajalda bætir ekki upp þennan fjárhags- lega mismun. Auk þess getur innheimta skólajalda gert nemendahópinn einsleit, enda ekki öllum kleift að greiða með börnum sínum skólajöld. Börn efnameiri foreldra eiga nú aukin tækifæri til að velja milli ólíkra skóla hérlendis. Þannig ýtir núverandi fyrirkomulag, sem síður styður við einkarekstur í skólakerfinu, enn frekar undir stéttaskiptingu meðal barna. Eftir sem áður leggur undirrituð til að Reykjavíkurborg tryggji jöfn opinber framlög með hverju barni í skólakerfinu, óháð rekstrar- formi þess skóla sem um ræðir. Þannig kæmust sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar hjá innheimtu skólajalda – og tryggja mætti öllum börnum jöfn tækifæri til þeirrar menntunar sem býst í borginni, óháð efnahag foreldra. Það er hvort tveggja – réttlætismál og framfaramál.

ÚTHAGINN, KOLEFNIÐ OG LOFTSLAGS- BOKHALDIÐ

Staða þekkingar og rannsókna á kolefnisbúskap landsins með áherslu á úthagann. Hvað þurfum við að vita um losun gróðurhúsalofttegunda frá ólíkum landgerðum og hvernig má auka bindingu kolefnis?

FIMTUDAGUR
5. DES
KL. 12.00 – 13.30



HÁDEGISFUNDUR
Í VERÖLD – HÚSI VIGDÍRAR Á
ALÞJÓÐLEGUM DEGI JARÐVEGS

SKRÁNING Á VEFNUM
BONDI.IS
ENGINN AÐGANGSEYRIR



Að spila lottó með sannleikann



Kristinn H. Gunnarsson



Það er óvenjulegt að málflutningur fyrir hönd landsamtaka sé jafn óvandaður og þessi grein. Það er mikið lottó að spila svona frjállega með sannleikann. Í því lottói eru fáir sem geta unnið en þjóðin getur tapað miklu.

Landssamband veiðifélaga berst gegn uppbyggingu á laxeldi í sjó. Erlendir auðkýfingar hafa keypt laxveiðiréttindi og jarðir hér á landi og vinna leynt og ljóst gegn atvinnuuppbyggingunni. Stjórnvöld hafa frá upphafi verið varkár gagnvart sjókvældinu. Laxeldið er aðeins leyft á afmörkuðum svæðum, einkum á Vestfjörðum og Austfjörðum. Annars staðar er það bannað. Það er gert til að vernda innlenda laxastofna fyrir mögulegri blöndun við eldisstofninn, sem er upprunalega norskur. Uppbygging sjókvældisins hefur að öllu leyti fylgt þessum ráðstöfunum.

Efnahagslegar stærðir skipta máli. Útflutningsverðmæti eldislax frá Vestfjörðum fer hratt vaxandi og getur orðið 70 milljarðar króna á ári innan fárra ára. Nokkur svæði hafa ekki enn verið burðarþolsmetin og framleiðslugeta á Vestfjörðum gæti því orðið enn meiri og farið yfir 100 milljarða króna. Það eru svipuð verðmæti fyrir þjóðarþúð og allar tekjur af þorskveiðum, mikilvægasta fiskistofni landsmanna.

Laxveiði í vestfirskum ám er lítil og tekjur óverulegar. Enda er það ástæða þess að laxeldið var leyft á Vestfjörðum. Tekjur af allri stangveiði í landinu eru aðeins 4,9 milljarðar króna á ári. Það er því ólíku saman að jafna framlagi þessara tveggja atvinnugreina til lífskjara íslensku þjóðarinnar. Nái Landssamband veiðifélaga markmiði sínu og kæfi í fæðingu laxeldi á Íslandi verða afleiðingarnar alvarlegar og almennungur fer á mis við mjög bætt lífskjör á næstu árum.

Fyrir Vestfirðinga yrði slík niðurstaða reidarslag. Eftir tuttugu ára stöðuga afturför í fjórðungnum hefur laxeldið veitt viðspyrnu, fólki hefur fjölgað litillega og fyrirsjáanlegur vöxtur laxeldisfyrirtækjanna á næstu árum mun valda straumhvörfum í efnahags- og byggðapröun á Vestfjörðum.

Rökin gegn laxeldinu eru veik. Umhverfismengun er lítil. Kol-efnispor er lágt. Hvergi á Íslandi hafa laxastofnar spillst eða eyðilagst vegna blöndunar við eldislax. Þrátt fyrir langvarandi markvissa blöndun innlendra stofna í fjölmörgum laxveiðiam um langt árabil á vegum veiðiréttarhafa er ekki talin ástæða til að hafa áhyggjur af varanlegri erfðablöndun.

Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga skrifaði grein í Fréttablaðið fyrir rétttri viku gegn laxeldinu með fyrirsögninni að spila lottó með náttúruna. Þar eru fullyrðingar sem ástæða er til að gera athugasemd við.

Jón Helgi segir að greinst hafi erfðamengun í villtum laxastofnum á sunnanverðum Vestfjörðum. Þarna á hann væntanlega við Botnsá í Talknafirði og Sunddalsá í Trostansfirði. Þarna er verulega ofmælt. Í hvorugri ánni er til sjálfstæður nytjastofn laxa og ekki til tölur um neina laxveiði. Stofnum sem eru ekki til verður ekki spillt. Rannsókn Hafrannsóknastofnunar byggist auk þess á fáum fiskum og stofnunin segir aðeins að í fiskinum séu skýrar vísbendingar um erfðablöndun. Ein mæling á fáum fiskum uppfyllir ekki vísindalegar kröfur um viðtækar ályktanir. Blöndun milli eldisfiska og villtra á sér stað en til þess að áhrifin leiði til varanlegra breytinga þarf hún að vera mjög viðtæk og langvarandi. Annars ganga áhrifin til baka tiltölulega fljótt fyrir tilstilli náttúruvalsins. Þá er því haldið fram að tilkynnt hafi verið um tvær slysasleppingar á frjóum laxi á árinu. Ekki finnast upplýsingar um þetta. Hins vegar var tilkynnt tvisvar um gat á neti í kví. Það er tvennt ólíkt. Matvælastofnun tilkynnti í báðum tilvikum eftir athugun að enginn lax hefði veiðst. Það er því ekki vitað til þess að lax hafi sloppið.

Jón Helgi Björnsson vísar til laxeldis í Noregi og setur fram fullyrðingar um laxeldið þar. Þar er ólíku saman að jafna. Norskt laxeldi er um 100 sinnum umfangsmeira og staðsetning eldiskvía þar er víða nálægt gjöfulem laxveiðiám. Því er mun meiri hætta á varanlegri erfðablöndun í Noregi en á Íslandi. Laxeldið er bannað á Íslandi nálægt öllum helstu laxveiðiám landsins. Á Vestfjörðum er nánast engin laxveiði. Það er ekki hægt að draga ályktanir af stöðu í Noregi og færa þær óbreyttar yfir á Ísland.

Það er óvenjulegt að málflutningur fyrir hönd landsamtaka sé jafn óvandaður og þessi grein. Það er mikið lottó að spila svona frjállega með sannleikann. Í því lottói eru fáir sem geta unnið en þjóðin getur tapað miklu. Stefna Landssamtaka veiðifélaga er andstæð staðreyndum. Forystumenn samtakanna eiga frekar að breyta áherslum sínum en að ástunda rangan og skadlegan málflutning.

Kæri borgarstjóri

Benedikt Birgisson
trúnaðarmaður Hverfastöðvarinnar við Njarðargötu

Þegar fregnir bárust af því að tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar yrði ekki framlengt, og myndi því enda í byrjun september, höfðu menn litla trú á því að slík afturför yrði raunin. Tilraunaverkefnið hafði verið í gangi síðan í október 2016 og hafði gefið góða raun. Fyrst nam styttingin fjórum tímum en seinna meir var hún minnkuð niður í þrjá. Það skipti sköpum fyrir starfsfólk hverfastöðvarinnar að komast fyrr heim. Þrátt fyrir að vinnuvikan hefði verið stytt um aðeins þrjá tíma gátum við tekið meiri þátt í fjölskyldulífinu. Við gátum sótt börnin í leikskólann eða skólann, farið í verslanir og almennt sinnt þeim hlutum sem gefa lífinu lit. Einnig urðu yfirmenn ekki varir við minni framleiðni í vinnu. Tilraunaverkefnið virtist því vera vel heppnað, enda öllum í hag.

Þrátt fyrir þá góðu reynslu sem hafði gefist af vinnutímastyttingunni endaði verkefnið skyndilega, án þess að við fengjum nokkurn rökstuðning fyrir því að það gæti ekki haldið áfram. Eftir að vinnudagurinn lengdist aftur upp í níu og hálfan tíma breyttist margt til hins verra. Foreldrar gátu ekki lengur sótt börn í skóla- og leikskólustarf, andleg þreyta jókst og erfiðara reyndist að sinna öllu öðru en vinnunni. Það má því segja að vinnustaðurinn hafi hratt



Þrátt fyrir þá góðu reynslu sem hafði gefist af vinnutímastyttingunni endaði verkefnið skyndilega, án þess að við fengjum nokkurn rökstuðning fyrir því að það gæti ekki haldið áfram.

farið úr því að vera fjölskylduvænn yfir í það að vera nær fjandsamlegur fjölskyldu- og einkalífinu. Við svöruðum ótal viðhorfskönnunum sem lagðar voru fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar á meðan vinnutímastyttingin var í gildi. Eftir að styttingunni lauk hefur viðhorf okkar gagnvart starfinu ekkert verið kannað.

Nú stendur Efling í kjarasamningum við Reykjavíkurborg og illa hefur gengið að ná sáttum. Þrátt fyrir þessa góðu útkomu úr tilraunaverkefninu virðist vera lítil sem enginn vilji af hendi Reykjavíkurborgar til þess að hafa vinnutímastyttinguna inni í kjarasamningum. Lengd vinnudagsins hefur verið starfsmönnum hér ofarlega í huga síðan vinnutímastyttingin var tekin af. Missirinn af þessum verðmæta frítíma hefur reynst mörgum þungur. Við höldum þó flestir enn í vonina um að í kjarasamningsviðræðunum náist sátt um raunverulega vinnutímastyttingu og að hlutirnir færist aftur í svipað horf og á meðan á tilraunaverkefninu stóð.

Með bestu kveðju
starfsmenn Hverfastöðvarinnar á
Njarðargötu.

VATN, HÚSASKJÓL OG BETRI HEILSA MEÐ ÞINNI HJÁLPI!

- Valgreiðsla í heimabanka: 2.500 krónur
 - Söfnunarsími 907 2003: 2.500 krónur
 - Framlag að eigin vali á framlag.is
 - Söfnunarreikningur 0334-26-50886
- kennitala 450670-0499

 Hjálparstarf kirkjunnar
HJÁLPIÐ TIL SJÁLFSHJÁLPAR

VATN ER VON



Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna – Action by Churches Together **actalliance**



Eygló Ósk sem keppir hér á HM í 50 metra laug sem fór fram í Suður-Kóreu er í fremstu röð í heiminum þegar kemur að baksundi. NORDICPHOTOS/AFP

Spennandi tímar fram undan

Sundkonan Eygló Ósk Gústafsdóttir er búin að ná sér af erfiðum bakmeiðslum og er ein af átta fulltrúum Íslands á EM í 25 metra laug sem hefst í dag. Í gær voru fjögur ár liðin síðan Eygló komst fyrst íslenska kvenna á verðlaunapall á stórmóti.

SUND Í dag eru fjögur ár síðan Eygló Ósk Gústafsdóttir tryggði sér önnur bronsverðlaunin í röð á EM í 25 metra laug, þegar mótið fór fram í Ísrael, þegar hún hefur keppt á sama móti í Skotlandi. Með því varð hún fyrsta íslenska konan til að vinna til verðlauna á stórmóti í sundi. Eygló var í árslok kosin íþróttamaður ársins af Samtökum íþróttafréttamanna og keppti til úrslita í 200 metra baksundi á Ólympíuleikunum í Río 2016 en undanfarin ár hefur hún minna náð að beita sér vegna erfiðra bakmeiðsla sem tóku sig upp árið 2017.

Í ár tók að birta til og keppti Eygló bæði á Smáþjóðaleikunum og á HM í 50 metra laug ásamt því að vinna 100. Íslandsmeistaratilinn í vor.

„Ég hef ekki verið jafn góð í bakinu síðan meiðslin tóku sig upp sem er jákvætt. Við höfum fyrir vikið verið að reyna að auka álagið á æfingum í von um að ná upp fyrri styrk. Ég er búin að vinna með nýjum styrktarþjálfara í vetur síðan við komum heim frá HM ásamt því að vinna með sjúkrapjálfa og við höfum náð frábærum árangri í að byggja upp bakið á ný. Bakið er frábært miðað við síðustu ár og í fyrsta sinn í langan tíma

undan. Æfingaálagið er að aukast og það eru bara bætingar í vændum.“

Aðspurð segist Eygló ekki vera búin að setja sér nein markmið um ákvæðin sæti á EM, hún sé aðeins að einblína á að taka framförum.

„Tilfinningin er frábær að vera komin aftur á þetta stig að vera að keppa á Evrópumótinu. Það kemur ákvæðið hugarfar hjá manni og kemur manni í gír fyrir næsta ár. Það er erfitt að segja hverjar væntingarnar eru en markmiðið er að synda eins hratt og ég get, að bæta tímann frá ÍM og sjá hverju það skilar mér.“ segir Eygló sem tekur undir að keppniskapið muni ef til vill taka við þegar komið er að keppninni.

„Það eina sem ég hugsa út í núna eru bætingar en auðvitað kemur ákvæðinn eldur inn í mann þegar komið er í keppendaherbergið og adrenalínið fer á fullt. Það verður gaman að byrja þetta strax í dag í 100 metrunum.“

Eygló stefnir á sína þriðju Ólympíuleika næsta sumar og segist meðal annars horfa til lágmarkstímans fyrir ÓL um helgina.

„Það er auðvitað eitt af því sem maður horfir á, að ná lágmarkinu fyrir Tókýó. Að komast til Tókýó er markmiðið númer eitt þetta árið. Það verður öllu tjaldað til að taka framförum og komast með til Tókýó.“

Eygló gengst við því að vera reynsluboltinn í hópnum enda búin að vera ein fremsta sundkona landsins undanfarin ár. „Ég er með þeim reynslumeiri,“ segir hún glottandi og heldur áfram:

„Þetta er frábær hópur hérna í Glasgow og það verður gaman að sjá hvað við förum langt.“

Hún tekur undir að það sé skemmtilegt að hefja keppni fjórum árum eftir að hafa unnið til bronsverðlaunanna.

„Ég fékk einmitt áminningu á Facebook í gær um það að, það væru fjögur ár frá bronsinu í Ísrael. Það var gaman að rifja það upp þótt það sé ótrúlegt að það séu fjögur ár liðin.“

kristinnpall@frettabladid.is

Bakið er frábært miðað við síðustu ár og loksins finnst mér ég vera orðin heil heilsu.

Eygló Ósk Gústafsdóttir

finnst mér ég vera alveg heil heilsu,“ segir Eygló spurð út í heilsuna og heldur áfram:

„Auðvitað förum við varlega en við erum að reyna að taka skref fyrir skref við að ná sama styrk í bakið og það eru spennandi tímar fram

Kærleiks- og kyrrðarstund

Náttúrulækningafélag Reykjavíkur heldur Kærleiks- og kyrrðarstund fimmtudaginn 5. desember kl. 19:30 í Áskirkju við Vesturbrún í Reykjavík

Dagskrá kvöldsins:



Heilsan um jólin

- Geir Gunnar Markússon næringarfræðingur



Æviskeið Vatnajökuls og manns barns

- Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur



Slökun - Guðrún Ásta Gunnarsdóttir jógakennari

Jólatónlist - Mummi úr Klaufunum tekur nokkur jólalög



Veitingar - Jurtate, smákökur og jólaglaðningur

Allir velkomnir

Aðgangur 500 kr.

- frítt fyrir félagsmenn

Berum ábyrgð á eigin heilsu



Anton Sveinn er líklegur til afreka í Skotlandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Ísland verður með átta fulltrúa á EM í Glasgow

SUND Eygló Ósk Gústafsdóttir er ekki eini íslenski keppandinn sem keppir á EM í 25 metra laug að þessu sinni, en átta Íslendingar munu synda í Glasgow næstu dagana. Kristinn Þórarinnsson, samherji Eyglóar Óskar úr Fjölni, mun keppa í 50 og 100 metra baksundi og 100 og 200 metra fjörsund.

Anton Sveinn McKee, Dadó Fenrir Jasminuson, Jóhanna Elín Guðmundsdóttir og Ingibjörg Kristín Jónsdóttir, sundfólk úr SH, munu synda í einstökum greinum. Samherji þeirra hjá SH Kolbeinn Hrafnkelsson mun svo taka þátt í boðsundi. Dadó og Jóhann keppa í

50 metra skriðsundi og 100 metra skriðsundi og Jóhanna keppir í 50 metra flugsundi. Ingibjörg Kristín mun synda í 50 metra baksundi, 50 metra flugsundi, 50 metra skriðsundi og Anton Sveinn syndir í 50, 100 og 200 metra bringusundi. Snæfríður Sól Jórunnardóttir sem syndir fyrir danska liðið AGF verður svo á meðal þátttakenda á mótinu en hún syndir 50, 100 og 200 metra skriðsund. Þjálfarar íslenska liðsins eru Mladen Tepavcevic og Bjarney Guðbjörnsdóttir. Hilmar Örn Jónsson er fararstjóri íslenska hópsins og Hlynur Skagfjörð Sigurðsson er sjúkrapjálfi. -hó



TILNEFND!

TIL FJÖRVERÐLAUNANNA




Kristín
Ómarsdóttir
fyrir



Svanafólkið

„Uppfull af undrum, fegurð, grimmd“
– Marianna Clara Lúthersdóttir, Bókmenntavefurinn



EILÍFÐARNÓN
Ásta Fanney Sigurðardóttir

„Í geri íslenskra ljóðskálda er Ásta alger spaðaás – beint út úr erminni, skák og mát. Hafi maður minnsta áhuga á íslenskri ljóðlist verður maður að eignast þessa bók.“

– Eiríkur Örn Norðdahl, Fjallabaksleiðin

TÍMAMÓT



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sævar Brynjólfsson

skipstjóri,
Pósthússtræti 3, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,
sunnudaginn 1. desember.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn
10. desember kl. 13.00.

Ingibjörg Hafliðadóttir

Bryndís Sævarsdóttir

Hafliði Sævarsson

Brynjólfur Ægir Sævarsson

Einar Þ. Magnússon

Jenny Lovísa Þorsteinsdóttir

Áslaug Ármannsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku faðir okkar,

Jónas Guðlaugsson

frá Eyrarbakka,
Hólbergi 82, Reykjavík,

lést á heimili sínu föstudaginn
29. nóvember sl. Útförin auglýst síðar.

Ingibjörg Jónasdóttir

Nicolai Jónasson

Jónas Garðar Jónasson

Guðlaugur Jónasson

Sigurður Jónasson

Gísli Ólafsson

Ásta Bjarney Pétursdóttir

Jóhanna Gísladóttir

Guðrún Axelsdóttir

Bjarnþóra María Pálsdóttir

og fjölskyldur.



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Haraldur Þórðarson

áður til heimilis að
Gunnarsbraut 36, Reykjavík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun
Suðurnesja 21. nóvember. Útförin fer fram
frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 6. desember kl. 11.00.

Aðstandendur.



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Mekkin
Þorbjarnardóttir**

Breiðagerði 19,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli
föstudaginn 29. nóvember.

Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju
föstudaginn 6. desember kl. 11.00.

Ásgeir Egilsson

Kjartan Egilsson

Unnur Egilsdóttir

Pálmi Egilsson

Sara Sofia Roa Campo

Guðfinna E. Guðmundsdóttir

Þorsteinn Þorsteinsson

ömmu- og langömmubörn.



Elsku pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

Haukur Pálmason

fyrirverandi aðstoðarforstjóri
Orkuveitu Reykjavíkur, áður
Rafmagnsveitu Reykjavíkur,

lést 24. nóvember.

Útförin fer fram frá Neskkirkju
miðvikudaginn 4. desember kl. 11.00.

Anna Soffía Hauksdóttir

Jóhannes Hauksson

Helga Hauksdóttir

Haukur Óskar

Margrét Aðalheiður

Hringur Ásgeir

Hildur Yffa

Haukur Oddur

Urður

Inga Björg Hjaltadóttir

Hafþór Þorleifsson

Auður Tinna

Friðgeir Ingi

Ivar

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útförir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða
hringja í síma 550 5055.

Jól í Ósló á laugardaginn

Sungið verður á íslensku,
norsku og ensku á stórtón-
leikum íslensks tónlistar-
fólks í Ósló og nágrenni
næsta laugardag,
7. desember. Meðal flytj-
enda er Jónína Aradóttir.

Það er mikið lagt í þessa tón-
leika," segir Jónína Aradóttir
söngkona um viðburðinn
Jól í Ósló sem haldinn
verður á laugardaginn í
Nordic Black Theater. Hún
segir á þriðja tug manns munu koma
fram, bæði fólk sem starfar við tónlist
og hefur kórsöng og hljóðfæraleik að
áhugamáli. Meðal nafna á söngskránni
eru rokkarinn Eiríkur Hauksson og
óperusöngvarinn Kolbeinn Jón Ketils-
son og meðal hljóðfæraleikara er Gróa
Hreinsdóttir.

„Flestir flytjendurnir búa í grennd við
Ósló, til dæmis í Drammen sem er álika
langt frá borginni og Hveragerði er frá
Reykjavík. Ég bý líka í nágrennabæ Ósló
og er 45 mínútur í lest á æfingar," upp-
lýsir Jónína. Hún kveðst ætla að taka
eitt lag ein á tónleikunum og annað-
hvort verði pianó með henni eða hljóm-
sveit. „Ég syng lag sem heitir það eru að
koma jól eftir Magnús Kjartansson og
Halldór Gunnarsson. Heyrði Guðrúnu
Árnýju syngja það og fannst það svo
geggað. Svo tek ég dúett með henni
Guðbjörgu Magnúsdóttur, hún var einu
sinni í Frostrósum, mjög góð söngkona.“

Jónína segir að þetta sé annað árið í
röð sem slíkir jólatónleikar Íslendinga
séu haldnir í Ósló. Það hafi verið Gróa
Hreinsdóttir, organisti í Drammen,
og Ómar Friðriksson sem höfðu for-
göngu um þá. „Ómar er frá Hvolsvelli.
Ég kannast við hann þaðan, hitti hann
svo í fyrra þegar ég var að flytja hingað
og hann sagði strax: „Viltu kannski
vera með á jólatónleikunum?“ Það var
svo frábært því þá kynntist ég öllu tón-
listarfólkinu á einu bretti og hitti marga
Íslendinga meðal gesta.“

Tónleikasalurinn tekur 100 manns,
að sögn Jónínu. „Við vorum með tvenna
tónleika sama kvöldið í fyrra. Byrjuðum
að selja á 9.00-tónleikana og bættum
svo öðrum við. Þannig er það núna
líka. Við syngjum á íslensku, ensku
og norsku á þessum tónleikum. Fólk
fannst rosa gaman í fyrra, líka þeim
Norðmönnum sem komu.“



Hér er verið að æfa fyrir stórtónleikana. Guðbjörg og Jónína að syngja og til hægri sést gítarleikarinn plökka strengina. MYND/SIGURÐUR RÚNAR

Jónína kveðst svo vera að fara, ásamt
Guðbjörgu og Gróa Hreins, í jólatón-
leikatúr um Noreg. „Þar ætlum við að
bjóða upp á íslensku jólalögin, eða
íslenska texta við íslensk og norsk og
sænsk lög, því Íslendingar hafa auð-
vitað samið texta við mörg slík.“ Spurð
um tilvonandi tónleikastaði í ferðinni
nefdir hún Bergen, Stavanger, Kristians-
and og Þrándheim. „Þetta er bara prufa

núna, verður vonandi árvissst. Fundum
engan stað til að koma fram á í Tromsø
en það gengur vonandi betur á næsta
ári.

Ég held þetta verði rosa gaman. Við
heyrðum í konum í Stavanger og Krist-
jansand. Þær voru strax til í að henda í
kaffi og kökur, þannig að þetta verður
svona eins og hjá konunum í sveitinni!“
gun@frettabladid.is

ÍDNÚ útgáfa fagnaði sjötíu ára afmæli í Iðnó

Mikið var um dýrðir í hátíðarsal
Iðnó 2. desember þegar ÍDNÚ
útgáfa hélt þar afmælishóf í til-
efni sjötíu ára afmælis. Þar voru saman
komnir boðsgestir úr ýmsum áttum
sem hafa komið að starfsemi ÍDNÚ með
einum eða öðrum hætti.

Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari
Tækniskólans, stýrði dagskránni og
gestir hlýddu á fræðandi og skemmtileg
erindi og tónlistaratriði á milli. Kór
Kvennaskólans söng jólalög og Már
Gunnarsson, tónlistar- og íþrótta-
maður, lék frumsamin lög á pianó og
söng. Veislugestir gæddu sér svo á dýr-
indis veitingum sem bakaranemar frá
Menntaskólanum í Kópavogi reiddu
fram.

Upphaf námsbókaútgáfunnar má
rekja til frumkvöðla iðnskólanna sem
komu saman árið 1948 og settu á fót
Samband iðnskóla á Íslandi. Ári síðar
var Iðnskólaútgáfan stofnuð, nú ÍDNÚ
útgáfa, að henni standa í dag þrettán
iðn-, tækni- og verkmenntaskólar á
Íslandi. – gun



Jóhannes Einarsson og Hjalti Jón Sveinsson, fyrrv. stjórnarmenn í Iðnó, Heiðar Ingi Svansson og Erling R. Erlingsson, núverandi og fyrrv. framkvæmdastjórnar Iðnó.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. desember 2019

45. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLADSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		<p>Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi</p> <p>MICHELSEN 1909</p> <p>Hafnartorg · 511 1900 · michelsen.is</p>
 TAGHeuer	 LONGINES		
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT		


Allt lagt undir

Hjónin Bjarney Harðardóttir og Helgi Rúnar Óskarsson seldu heimili sitt til að geta keypt 66°Norður 2011. Sjóðurinn Mousse Partners, sem stýrt er af fjölskyldunni sem á tiskuhúsið Chanel, keypti tæplega helmingshlut í fyrirtækinu sumarið 2018. Íslendingar eigi að horfa meira til Danmerkur sem hafa byggt upp sterkt hönnunarsamfélag. **6**

Við sem erum með keflið núna erum að treysta stoðirnar svo fyrirtækið geti lifað önnur 100 ár.



FRÉTTABLADIÐ/ERNIR



»2

Bjóðast til að minnka hlut sinn í Play í 30 prósent

Stjórnendur Play biðla til fjárfesta um að koma að fjármögnun félagsins með því að leggja til að þeir fái 70 prósent hlut í stað 50 prósent fyrir hlutafjárframlag sitt. Kanna áhuga fjárfesta á að leggja félaginu til lánsfé til skamms tíma á meira en 20 prósent vöxtum.

»4

Orkukaup voru um árabíl í trássi við lög

Dreifiveitunni RARIK gert skylt að fara með raforkukaup sín vegna dreifitaps í útboð. Áttu eingöngu í viðskiptum við dótturfyrirtæki. Viðskipti dreifiveita vegna dreifitaps nema hundruðum milljóna króna á ári. Leynd hefur hvílt yfir samningum.

»10

Nánast ekkert launaskrið eftir lífsskjarasamninginn

„Kjarasamningarnir hafa í langflestum tilvikum verið framkvæmdir nákvæmlega eins og þeir kveða á um og nánast ekkert launaskrið orðið í kjölfar þeirra,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.



 **EYECARE**



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65% stærra lessvæði

Optical Studio

SMÁRALIND · HAFNARTORG · LEIFSTÖÐ · KEFLAVÍK

Ákvörðun MSCI kom Kauphöllinni á óvart

Forsvarsmenn Kauphallarinnar munu funda með forsvarsmönnum vísitöluþyrirtækisins MSCI í vikunni til þess að fá dýpri skilning á ákvörðun fyrirtækisins um að íslensk verðbréf verði ekki gjaldgeng í vísitölu fyrirtækisins að svo stöddu. Ákvörðun MSCI kom Kauphöllinni á óvart.

„Ég get ekki neitað því að ákvörðunin kom okkur á óvart og olli okkur vonbrigðum. Samráðsferli eins og þetta er oftast sett í gang með það í huga að það verði af flokkuninni,“ segir Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, í samtali við Markaðinn.

Eins og greint var frá um síðustu helgi verður íslenski verðbréfa-markaðurinn ekki flokkaður sem vaxtarmarkaður hjá MSCI að svo stöddu. Þetta var niðurstaða MSCI eftir samráð við alþjóðlega stofnanafjórðinguna í Ísland verður áfram á athugasemdir MSCI sem mun taka málið aftur upp í maí á næsta ári.

„Við fengum engan andmælarétt en það stendur til að funda með þeim í vikunni til að fá dýpri skilning á þeim atriðum sem vögu þyngst. Og eins til að átta okkur betur á því til hvaða aðgerða þurfi að grípa svo að niðurstaðan verði jákvæð í maí,“ segir Magnús.

Í samráðsferlinu lýstu erlendir fjárfestar áhyggjum yfir tilkynningarferli vegna gjaldeyrisviðskipta, aðgengi að miðlurum og því að gjaldeyrihöft hefðu aðeins nýlega verið afnumin. Magnús segir líklegt að athugasemdir um gjaldeyrihöftin hafi vegið þungt.

„Ég held að við getum fært góð rök fyrir því að það sé

» Íslenski verðbréfa-markaðurinn verður ekki flokkaður sem vaxtarmarkaður hjá vísitöluþyrirtækinu MSCI að svo stöddu. Málið verður tekið aftur upp í maí 2020.

mjög ólíklegt að slíkum höftum verði aftur komið á í náninni framtíð miðað við stöðu íslenskra heimila, fyrirtækja og þjóðarþúsins í heild sinni,“ segir Magnús.

Þá er enn ekki ljóst hvort MSCI setji það fyrir sig að hér sé tilkynningarferli vegna gjaldeyrisviðskipta eða hvort ferlið sé of þungt í núverandi mynd. Um aðgengi að miðlurum segir Magnús að vissulega hafi engin erlend verðbréfa-fyrirtæki beina aðkomu að verðbréfavíðskiptum hér á landi eins og staðan er í dag. Hann bindur vonir við innleiðingu Nasdaq verðbréfamíðstöðvar á nýju uppgjörskerfi sem mun auðvelda aðgengi erlendra fjárfestara til íslenska markaðsins. Stefnir er að því að ljúka innleiðingunni í maí.

„Á undanförunum mánuðum höfum við fundið fyrir meiri áhuga frá erlendum fjárfestum á því að eiga beina aðild að markaðinum. Meiri áhuga en frá því fyrir hrún. Verðbréfauppgjör er hnifurinn sem stendur í kúnni og ég er þess vegna mjög bjartsýnn á að það muni breyta heilmiklu þegar nýtt kerfi verður tekið upp,“ segir Magnús.

– þfh



Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFELAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang hordur@frettabladid.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

RAF MÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



Flugfélagið hyggst flytja um 1,7 milljónir ferðamanna til landsins á næstu þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bjóðast til að minnka hlut sinn í 30 prósent

Stjórnendur biðla til fjárfesta um að koma að fjármögnun Play með því að leggja til að þeir fái 70 prósent hlut í stað 50 prósent fyrir hlutafjárframlag sitt. Kanna áhuga fjárfesta á að leggja Play til lánsfé á 20-25 prósent vöxtum.

Stjórnendur og stofnendur hins nýstofnaða lág-gjaldaflugfélags Play, sem hafa síðustu vikur ásamt Íslenskum verðbréfum (ÍV) unnið að fjármögnun félagsins, bjóðast til að minnka hlutdeild sína í Play í 30 prósent á móti 70 prósent eignarhlut þeirra fjárfesta sem fást til að leggja félaginu til um 1.700 milljónir króna í nýtt hlutfé.

Fyrri áform gerðu ráð fyrir að fjárfestar myndu eignast helmingshlut í Play á móti stofnendum og starfsmönnum flugfélagsins fyrir hlutafjárframlag sitt. Þær hugmyndir hafa mætt mikilli andstöðu á fundum með fjárfestum og fyrirtækjum, sem leitað hefur verið til með fjármögnun, og hafa þeir sett sig alfarið upp á móti því að stofnendurnir eignist svo stóran hlut í félaginu.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa forsvarsmenn Play og ÍV nú komið að hluta til móts við þá gagnrýni og bjóðast til að minnka hlutdeild sína – úr 50 prósentum í 30 prósent – í því skyni að freista þess að fá fjárfesta að félaginu en fjármögnun þess hefur gengið afar erfiðlega frá því að tilkynnt var um áform Play á blaðamannafundi í byrjun síðasta mánaðar. Upphaflega stóð þannig til að selja flugmiða nú um mánaðamótin en um liðna helgi sendi Play frá sér tilkynningu um að söluinni hefði verið frestað og er nú stefnt að því hefja miðasölu fyrir áramót.

Ekki hafa fengist staðfestar upplýsingar um fjárfesta sem hafa skuldbundið sig til að taka þátt í hlutafjárútbodinu. Í samtölum við mögulega fjárfesta í þarsíðustu viku, eins og sagt hefur verið frá í Markaðinum, kom fram í máli forsvarsmanna Play og ÍV að fjárfestar væru þá búnir að lýsa yfir áhuga (e. soft commitment) á að leggja félaginu til samtals um 700 til 800 milljónir. Sá áhugi, að sögn kunnugra, sé hins vegar skilyrtur við að það takist að fá kjölfestufjárfesti að hlutafjárútbodinu. Það hefur ekki tekist enda þótt enn sé unnið hörðum höndum að því að bóka fundi með fjárfestum í því skyni að afla þess hlutafjár sem til þarf til að koma flugfélaginu af stað.

Auk þess að gagnrýna upphaflegar áætlanir stjórnenda og stofnenda Play, sem gerðu ráð fyrir að þeir myndu eignast helmingshlut í félaginu, hafa fjárfestar sömuleiðis sett spurningarmerki við takmarkaða flugrekstrarreynslu stjórnendateymisins og þá þykja viðskiptaáætlanir Play um margt óraunhæfar. Þannig er gert ráð fyrir því að félagið verði farið að skila um 70 milljóna hagnaði á fyrsta fjórðungi næsta árs.

Í lok síðustu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins, var kannadur áhugi hjá fjárfestum á því leggja Play til fjármagn til næstu mánaða, samanlagt hundruð milljóna króna, með því að kaupa skuldabréf til skamms tíma af félaginu sem myndi

10

Airbus-þotur stefnir Play á að hafa í flota sínum frá og með árinu 2022.

bera 20 til 25 prósent vexti. Tilgangurinn, að sögn þeirra sem þekkja til, væri að tryggja flugfélaginu nægjanlegt rekstrarfé fram á næsta ár á meðan áfram yrði unnið að því að ljúka hlutafjársoðnun þess.

Fram kom á fundi með ferðapjónustufyrirtækjum í síðustu viku að 40 milljóna evra fjármögnun frá breska sjóðnum Athene Capital og öflun flugrekstrarleyfis hjá Samgöngu-stofu væri skilyrt við að Play takist að sækja sér 1.700 milljónir í hlutfé. „Þetta hangir allt saman,“ sagði Jóhann M. Ólafsson, framkvæmdastjóri ÍV. Var fundurinn meðal annars stuttur af stjórnendum Kynnisferða, Kúku Campers, bílaleigunnar Geysis, Mountaineers Iceland, Hóp-bíla, Stracta Hotels og Eldingar.

Ásamt því að biðla til fjölmargra einkafjárferða, fyrirtækja, einkum í ferðapjónustu, og fjárfestingarfélagi er búið að leita til tryggingafélaga, sjóðastýringarfélagi, einkabankapjónustu bankanna og þá hefur fjárfestingin í Play verið kynnt lifeyris-sjóðum. hordur@frettabladid.is

Goldman mælir með kaupum í Arion

Fjárfestingarbankinn Goldman Sachs ráðleggur nú fjárfestum að kaupa í Arion banka en áður var fjárfestum ráðlagt að halda bréfum sínum í bankanum. Greinendur fjárfestingarbankans meta gengið á 80 krónur á hlut sem er tveimur prósentum hærra en markaðsgengið var við lokun markaðar í gær. Greinendur Goldman Sachs telja tólf mánaða markgengi vera 97 krónur á hlut. Það er 21 prósent hærra en markaðsgengið. Fjárfestingarbankinn á 3,7 prósent í Arion.

Samkvæmt greiningu Goldman Sachs, sem kom út á mánudaginn og Markaðurinn hefur undir höndum, er dótturfélagið Valitor sem er til sölu metið á um 18 milljarða en í reikningum Arion er bókfært virði þess 11,7 milljarðar. Virðið er sagt 10

18

milljarðar króna er verðmat Goldman Sachs á Valitor sem er til sölu.

krónur á hvern hlut í Arion banka og er fengið með kennitölumargfaldara. Takist að selja Valitor verður hægt að greiða andvirði söluunnar til hluthafa.

Fram hefur komið að stjórnendur Arion banka horfa til þess að lána-safn til fyrirtækja muni minnka um 20 prósent. Gangi það eftir horfa greinendur Goldman Sachs til þess að íslenski bankinn þurfi

ekki að binda jafn mikið fé og því verði meira fé laust sem gæti ratað í hendur hluthafa.

Eins og sakir standa eru vaxtagreiðslur af skuldabréfum sem teljast til viðbótar við eiginfjárbátt 1 (AT1) ekki frádráttarbærar frá skatti. Skattifyrvið hafa málið til skodunar og væntir Arion banki niðurstöðu fyrir árslok. Heimili skattifyrvið að slíkar vaxtagreiðslur verði frádráttarbærar frá skatti telja greinendur Goldman Sachs að Arion banki muni gefa út slík skuldabréf og greiði andvirðið til hluthafa. Verði svar skattifyrvalda neikvætt gætu stjórnendur bankans lækkað „stuðpúða“ sinn í eiginfjárlutfallinu sem er til staðar efgufur á bátinn. Hlutfallið er núna 1,5 prósent. – hjv



REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG

NÝJAR EIGNIR TIL ÚTLEIGU

HAFNARTORG er blönduð byggð af nýjum skrifstofum, íbúðum og verslunum. Glæsilegar skrifstofur eru til leigu frá 200 til 1.500 fermetra. Í húsinu verður boðið uppá þjónustu við leigjendur s.s. móttökuritari og aðgang að sameiginlegum fundarherbergjum og skrifstofum. Einn stærsti bílakjallari landsins verður undir Hafnartorgi og að Hörpu. Hafnartorg verður iðandi af mannlífi og menningu og kærkomin viðbót við stækkandi miðbæ Reykjavíkur.



DALVEGUR 32 samanstendur af tveimur staðsteyptum fjölnotahúsum miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu tilbúnum á árinu 2019 til vorsins 2020. Leigurýmin eru frá 800 til 1.750 fermetrar sem henta undir fjölbreytta starfsemi þ.m.t. fyrir notendur sem kjósa miðlæga staðsetningu með tilliti til verslunar eða vörudreifingar. Nýtanleg lofthæð er um 8 metrar og tækifæri er að aðlaga húsin að þörfum notandans.



REYKJASTRAETI.IS

Sími 571 4990 | pall@reykjastraeti.is

Losnar um veruleg raforkuviðskipti

Dreifiveitunni RARIK er gert skylt að fara með raforkukaup sín vegna dreifitaps í útboð. Áttu eingöngu í viðskiptum við dótturfyrirtæki. Viðskipti dreifiveitna vegna dreifitaps hlaupa á hundruðum milljóna króna á ári. Mikil leynd hefur hvílt yfir samningum.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Dreifiveitum er ekki heimilt að einskorða raforkukaup sín vegna dreifitaps við tengd félög heldur er þeim skylt að bjóða kaupin út. Þetta er úrskurður kærufélagar útbodsmála en slík raforkukaup dreifiveitna geta hlaupið á milljarði á hverju ári. Framkvæmdastjóri smásöluvirkis á raforkumarkaði segir úrskurðinn losa um mjög umfangsmikil viðskipti sem mikil leynd hefur hvílt yfir.

„Það hafa miklir fjármunir verið að flæða á milli þessara tengdu fyrirtækja sem áður voru eitt og sama fyrirtækið og við höfum ekki fundið dæmi um jafn umfangsmikil og visvitandi brot á lögum um opinber innkaup. Þarna er verið að losa um mjög umfangsmikil viðskipti sem mikil leynd hefur hvílt yfir,“ segir Magnús Júlíusson, framkvæmdastjóri Íslenskrar orkumiðlunar, í samtali við Markaðinn.

Dreifiveitur kaupa reglulega rafmagn á raforkumarkaði á hverju ári til að mæta dreifitapi í dreifikerfinu. Einnig kaupa fyrirtækin rafmagn á markaði sem þau nota til dæmis í hitaveitudætur og annað slíkt.

Kærufélag útbodsmála úrskurðaði í lok síðasta mánaðar í máli Íslenskrar orkumiðlunar, sem selur raforku í smásölu á almennum markaði, gegn RARIK sem þarf að kaupa rafmagn á hverju ári til að mæta tapi í dreifikerfi sínu eins og aðrar dreifiveitur. RARIK hefur eingöngu keypt rafmagn af dótturfélaginu Orkusölu, sem starfar á sama markaði og Íslensk orkumiðlun, samkvæmt samningi sem félagin gerðu árið 2008.

Raforkukaup RARIK af Orkusölu hafa verið töluverð. Í samstæðureikningi RARIK kemur fram að innri sala vegna raforku hafi numið 804 milljónum króna árið 2017 og 502 milljónum króna árið 2018. Það jafngildir um 16 prósentum af heildarveltu Orkusölu árið 2017 og 9 prósentum árið 2018.

Viðskipti RARIK og Orkusölu eru ekki einsdæmi. Allar dreifiveitur, að Veitum undanskildum, hafa keypt rafmagn af tengdu félagi til að mæta dreifitapi án útboðs. Þá hefur Landsnet keypt raforku til að mæta tapi í flutningskerfinu í gegnum útboðsferli um nokkurra ára skeið. Íslensk orkumiðlun kærði innkaup

502
milljónir króna
var innri sala
RARIK-samstæð-
unnar árið 2018.



Dreifiveitur kaupa reglulega rafmagn á raforkumarkaði á hverju ári til að mæta tapi í dreifikerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sögdust geta beitt eigendavaldi

Raforkulög gera ráð fyrir að flutningur og dreifing rafmagns sé háð einkaleyfum en að framleiðsla og sala rafmagns sé hverjum sem er heimil og þar með sé um samkeppnisstarfsemi að ræða. Þegar lög in voru innleidd árið 2003 þurftu raforkufyrirtæki að skilja sérleyfishlutann og samkeppnishlutann að.

Íslensk orkumiðlun gerði athugasemdir við málflutning RARIK um að dreifiveitan gæti „beitt eigendavaldi sínu“ yfir Orkusölu til að útvega raforku vegna orkutaps. „Mér finnst ekki hægt að lýsa þessu öðruvísi en svo að RARIK hafi beitt eigendavaldi til þess að niðurgreiða samkeppnishlutann með sérleyfisstarfseminni,“ segir Magnús.

Umfang raforkukaupa dreifiveitna vegna dreifitaps árið 2017

1. RARIK	650 milljónir kr.
2. Norðurorka	29 milljónir kr.
3. Rafveita Reyðarfjarðar	19 milljónir kr.
4. Orkubú Vestfjarða	72 milljónir kr.
5. HS veitur	180 milljónir kr.
6. Veitur	227 milljónir kr.

RARIK í vor og krafðist þess að því yrði gert að bjóða út kaup á raforku í samræmi við lög um opinber innkaup. Var niðurstaðan sú að RARIK yrði að bjóða raforkukaupin út.

„Þessi úrskurður hefur þá þýðingu að á dreifiveitum hvílir ótvíræð skylda til að fara í útboð en það hefur allt verið reynt til þess að halda þessum viðskiptum innandyrna. Með því að fara ekki í útboð eru dreifiveiturnar ekki að tryggja hagkvæmstu verð á hverjum tíma en kaupa þess í stað raforku af tengdum aðilum á uppsettum verðum. Það verð fer beint inn í gjaldskrá dreifiveitnanna

sem gerir dreifikostnaðinn hærri en hann hefði þurft að vera. Á endanum eru það einstaklingar og fyrirtæki sem borga brúsan fyrir þessa ólög-mætu háttsemi,“ segir Magnús.

Í málflutningi sínum dró Íslensk orkumiðlun fram upplýsingar um tap í flutningskerfi Landsnets og meðalverð þess. Bent var á að meðalverð RARIK vegna raforkukaupanna hefði verið 5,676 krónur á kílóvattstund árið 2017 á meðan Landsnet greiddi 4,572 krónur. Munar rétt tæplega 20 prósentum.

RARIK bar fyrir sig að útboð væri flókið í framkvæmd og kæmi í veg

Við höfum ekki fundið dæmi um jafn umfangsmikil og visvitandi brot á lögum um opinber innkaup.

Magnús Júlíusson,
framkvæmdastjóri Íslenskrar
orkumiðlunar



fyrir að fyrirtækið gæti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Íslensk orkumiðlun benti á að bæði Landsnet og Veitur hefðu ráðist í útboð um nokkurra ára skeið án þess að upp hefðu komið vandamál sem ekki hefði verið hægt að yfirstíga. Taldi kærufélagin að ekki hefði verið sýnt fram á hvernig útboð kæmi í veg fyrir að RARIK gæti sinnt lögbundnu hlutverki sínu eða að of flókið væri að bjóða út innkaupin. Auk þess væri ekki að finna heimild í lögum til að vika frá skyldu til útboðs á þeim grundvelli sem málatalibúnaður RARIK byggði á.

Nammidagar (í prentsmiðjunni)

Nói Siríus er eitt af fjölmörgum matvælafyrirtækjum sem treysta okkur fyrir því skemmtilega verkefni að framleiða umbúðir fyrir þeirra góðu vörur.

Þannig eru flestir dagar nammidagar hjá okkur.





VOLVO XC JEPPARNIR. ENDURHLAÐNIR.

Volvo hefur sett metnaðarfull markmið fyrir framtíðina. Framvegis verður lögð sama áhersla að vernda umhverfið og fólkið í bilunum. Minnkun kolefnislosunar er þar efst á lista og mun rafmagnið spila þar stærstan sess sem orkugjafi framtíðarinnar. Öll XC jeppalína Volvo er nú fánleg í tengiltvinn útgáfu (PHEV) með tilkomu Volvo XC40 tengiltvinn bílsins. Forsalan á honum er þegar hafin.

Veldu þinn Volvo XC jeppa



VOLVO XC40

XC40 AWD D4 dísil
Verð frá: 6.590.000 kr.
Til afhendingar strax

XC40 T5 FWD PHEV bensín/rafmagn (tengiltvinn)
Forsala verð frá aðeins: 5.190.000 kr.
– Tryggðu þér eintak!

VOLVO XC60 AWD

XC60 T8 PHEV bensín/rafmagn (tengiltvinn)
Verð frá: 8.590.000 kr.
Til afhendingar strax

XC60 B5 mHEV mild hybrid dísil
Verð frá: 8.290.000 kr.
Til afhendingar strax

NÝR VOLVO XC90 AWD

XC90 T8 PHEV bensín/rafmagn (tengiltvinn)
Verð frá: 10.590.000 kr.
Til afhendingar strax

XC90 B5 mHEV mild hybrid dísil
Verð frá: 9.590.000 kr.
Til afhendingar strax

Skoðaðu þessa og alla aðra Volvo bíla sem til eru á lager og í pöntun í vefsýningarsal Brimborgar á brimborg.is



Brimborg Reykjavík
Bíldshófi 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is



„Fyrirtæki eins og okkar getur ekki verið mikið skulsett. Það er svo kostnaðarsamt,“ segir Bjarney Harðardóttir, sem keypti 66°Norður ásamt eiginmanni sínum árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Horfa til næstu hundrað ára í rekstri

Fjárfestingarsjóður sem stýrt er af fjölskyldunni sem á tiskuhúsið Chanel á tæplega helmingshlut í 66°Norður. Eiginfjárhlutfallið jókst í 73 prósent við hlutafjárúkningu fjárfestingarsjóðsins. Fjöldi erlendra aðila vill vinna með fyrirtækinu eftir kaupin.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Því fylgir mikil ábyrgð að eiga og reka 93 ára gamalt fyrirtæki, eins og 66°Norður. Við sem erum með keflið núna erum að treysta stöðirnar svo fyrirtækið geti lifað önnur 100 ár,“ segir Bjarney Harðardóttir og fer að ræða þær áskoranir sem samfélagið stendur frammi fyrir.

„Því fylgir mikil ábyrgð að reka fyrirtæki í dag svo það starfi í sátt við umhverfið. Við hjá 66°Norður tökum því hlutverki alvarlega og höfum sjálfbærni að leiðarljósi í okkar framleiðslu.

Á Íslandi höfum við tækifæri til að vera leiðandi þegar kemur að umhverfismálum. Við erum með hreina orku og náttúru, jafnrétti og mannréttindi. Við erum þrautseig þjóð og fámenn.

Ég hef trú á að við getum staðið saman að vissri sýn og aðgerðum sem geta verið til fyrirmyndar fyrir aðrar þjóðir. Til að það geti orðið verður að eiga sér stað uppbyggilegt samtal um áherslur og aðgerðir. Við þurfum að tala um þær áskoranir sem eru fram undan í loftslagsmálum á lausnamiðaðan og uppbyggilegan hátt,“ segir hún.

Bjarney og eiginmaður hennar, Helgi Rúnar Óskarsson, fjárfestu í fyrirtækinu árið 2011 og eiga meirihluta. Frá árinu 2011 til 2018 tvöfölduðust tekjur fyrirtækisins í rúm-

lega fjóra milljarða króna.

Fjárfestingarsjóðurinn Mousse Partners, sem stýrt er af fjölskyldunni sem á tiskuhúsið Chanel, festi kaup á tæplega helmingshlut í Sjóklæðagerðinni 66°Norður fyrir liðlega 30 milljónir evra, eða um fjóra milljarða íslenskra króna, sumarið 2018, eins og Markaðurinn sagði frá á þeim tíma.

Kennarinn horfði til 66°Norður
Hvernig kom það til að þið hjónin keyptuð 66°Norður?

„Ég hef alla tíð unnið við markaðsmál og kenndi um tíma vörumerkjastjórnun við Tækniháskólann, sem síðar sameinaðist Háskólanum í Reykjavík. Við kennsluna var ég sifjell að vísa í stór erlend vörumerki en langaði að taka íslensk dæmi í kennslunni. Árið 2003 áttum við Íslendingar því miður ekki vörumerki sem skaraði fram úr alþjóðlega, ólíkt til dæmis frændum okkar Svíum og Dönum. Ég fór því að huga að því hvaða íslensku vörumerki gætu rutt brautina og orðið vörumerki okkar Íslendinga.

Þá varð mér hugsað til 66°Norður. Það var vörumerki sem landsmenn höfðu alist upp við, rammíslenskt og tengt norðurlóðum, hafði yfir sér mikinn sjarma og fatnaðurinn vandaður og glæsilegur. Ég hef því lengi haft miklar mætur á fyrirtækinu.

Þegar við hjónin keyptum fyrirtækið stóðum við bæði á krossgötum. Ég hafði unnið við markaðsmál frá 1995 og til dæmis hjá Íslandsbanka frá árinu 2004 og lærði mikið

Íslendingar horfi til Danmerkur

„Við Íslendingar gætum sótt í meiri mæli fyrirmyndir til Danmerkur. Danir búa ekki yfir sambærilegum auðlindum og við Íslendingar og hafa þess í stað byggt upp áhugavert og sterkt hönnunarsamfélag. Dönsk hönnun og danskur lífsstíll er það sem margir sækja í og líta til. Við hins vegar erum auðlindasamfélag með sjávarútveginn sem hefur verið burðarás, orkugeirann og nú ferðamannageirann sem hefur verið grundvöllur fyrir útflutningstekjur. Skapandi greinar hafa verið nokkuð veikur sproti en gætu orðið öflugur atvinnuvegur og fjórði burðarásinn undir íslenskt hagkerfi. Við hjá

á því. Tók til dæmis þátt í að breyta nafni bankans í Glitni og að móta hvernig vörumerkið talaði eftir þá miklu sorg sem bankahrúnið olli þjóðinni og bankar féllu í ónád.

Ég var sem sagt orðin fertug og langaði að gera eitthvað sem skipti máli og eiga hlut í næsta vinnustað. Eiginmaður minn var á sama stað. Hann hafði allar götur verið í eigin rekstri eflitið er fram hjá stuttri dvöl hjá Glitni í uppsveiflunni.

Helgi Rúnar starfaði á þeim tíma sem ráðgjafi fyrir 66°Norður sem var í sölufæri. Við áttum engan pening á lausu, seldum því húsið okkar og fengum til liðs við okkur sjóð á vegum Stefnis til að geta keypt fyrirtækið af Sigurjóni Sighvatssyni.“

66°Norður viljum vera hluti af þeirri vegferð.

Það þarf einfaldlega að fóstura skapandi atvinnugreinar. Það eru mörg íslensk fyrirtæki sem falla þarna undir en þau eiga það sameiginlegt að byggja á hugviti og nýsköpun. Það eru einnig mörg áhugaverð fyrirtæki að koma fram núna með lausnir tengdar umhverfismálum eins og Carbfix á Hellisheiði og Klappir. Margt ungt fólk vill starfa við skapandi greinar. Það þekki ég vel sem móðir. Við þurfum að huga að spennandi starfstækifærum fyrir ungt fólk svo það geti fengið störf við hæfi á Íslandi, störf sem eru í sátt við umhverfið,“ segir Bjarney.

Á leigumarkaði í níu ár

Selduð þið heimilið ykkar til að fjármagna ykkar hlut í fyrirtækinu? Það er falleg saga um þær förnir sem þarfa að færa til að koma undir sig fötunum í atvinnulífinu.

„Já, við vorum á leigumarkaði í níu ár og fluttum sjö sinnum! Ég mæli ekki með því þegar maður er með sjö börn.

Við fundum fljótlega að sjóður með takmarkaðan líftíma var ekki hentugur samstarfsaðili. Um var að ræða sjóð sem þurfti að losa sig út úr fjárfestingunni eftir þrjú til fimm ár.

Rekstur 66°Norður þurfti á þolinmóðu fjármagni að halda. Það varð að horfa til lengri tíma, að minnsta kosti tíu til fimmtán ára.

Það kom aldrei annað til greina en að leita til fjárfesta sem höfðu byggt upp alþjóðlegt vörumerki.

Við keyptum hlut Stefnis árið 2012. Landsbankinn aðstoðaði okkur við kaupin á sínum tíma og stóð við bakið á okkur uns við fundum réttu fjárfestana.

Á þessum tíma varð að leggja umtalsvert affjármunum inn í félagið í því skyni að fjárfesta í innviðum, hönnun og vörumerkinu. Það er slæmt þegar fyrirtæki eru í sölufæri í langan tíma því þá er reksturinn í biðstöðu og hætt er að fjárfesta í rekstrinum. Að byggja upp vörumerki er langhlaup og það krefst þess að þú hafir skýra sýn og staðfestu. Við vissum hver staðan var við kaupin því Helgi Rúnar þekkti vel til fyrirtækisins.

Til að setja uppbyggingu undanfarinna ára í samhengi þá starfaði einn hönnuður hjá fyrirtækinu þegar við tókum við rekstrinum en í dag eru hönnuðir og tæknifólk sem starfar með þeim samtals fimmtán.

Við fjárfestum ríkulega í verslunum, vörumerkinu og vörulínunni. Við höfum innleitt markvisst hringrásarkerfi til að draga úr sóun og höfum jafnframt verið að nota bestu efni sem völ er á eins og Goretex.

Við höldum ein á keflinu þar til í

HEIMILI

MIDVIKUDAGUR 4. DESEMBER 2019

Heimili



Bára Magnúsdóttir og Björn Þór Heiðdal í þvottahúsi A. Smith sem er elsta starfandi þvottahús landsins, orðið 73 ára og enn í fullu fjöri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rúmföt og dúkar hjá þvottahúsi A. Smith

Björn Þór Heiðdal var barn að aldri þegar hann fékk einlægan áhuga á rúm-fatnaði í þvottahúsi afa síns, Adolfs Smith. Þangað fara góðborgarar með rúmföt og dúka í hreinsun fyrir jól og kalla það ódýrustu heimilishjálpinu. ➔

DAG HVERN LESA

96.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

Framhald af forsiðu →

Það eiga allir skilið að sofa í frábærum rúmfötum úr allra bestu satín- og damaskefnum sem framleidd eru,“ segir Björn Þór Heiðdal, verslunarstjóri hjá Rúmföt.is sem er ný rúmfataverslun við Nýbýlaveg 28 í Kópavogi.

Verslunin sérhæfir sig í hágæða rúmfötum á góðu verði.

„Við seljum tilbúin rúmföt frá Ítalíu, Þýskalandi og Kína en flytjum einnig inn gæðafni sem við saumum úr dýrindis rúmfatnað og erum með frábæra saumakonu, Margréti Guðlaugsdóttur, sem saumaði meðal annars fyrir þá rómuðu rúmfataverslun Fatabúðina á sínum tíma,“ upplýsir Björn.

Þvottahús A. Smith

Áhuga Björns fyrir rúmfötum má rekja til Þvottahúss A. Smith sem afi hans Adolf Smith stofnaði árið 1946.

„Ég hef unnið í Þvottahúsinu og meðhöndlað rúmföt og dúka frá því ég man eftir mér,“ segir Björn. „Mín fyrsta minning úr Þvottahúsinu er að hjálpa pabba að hrista upp dúka og rúmföt. Ég man ekki hvað ég var gamall, kannski fjögurra eða fimm ára. Ég man líka eftir því að hafa teiknað myndir inni á kaffistofu sem ég gaf konunum sem unnu hjá pabba. Ef þær voru góðar fékk ég eina krónu að launum,“ segir Björn hugsí.

Ódýrasta heimilishjálpin

Í dag er rekstur Þvottahúss A. Smith tvískiptur, eða eins og Bára Magnúsdóttir verkstjóri orðar það:

„Nú fyrir jólin erum við á fullu að þvo og strauja rúmföt og spardúka fyrir heimilin. Sama fólk kemur hingað aftur og aftur með dúkana sína og rúmfötin og einhver hafði á orði að þetta væri ódýrasta heimilishjálpin,“ segir Bára.

Annar stór hluti af starfsemi Þvottahússins er leiga á dúkum og þjónusta við veislusali.

„Við erum sennilega með bestu og flottustu dúkana þegar kemur að dúkaleigu í brúðkaupsveislur, jólahlaðborð og almennt veislu- og fundahald. Ég læt vefa dúkana sem við leigjum í Króatíu og gæðin eru frábær. Stærðirnar eru líka réttar og dúkarnir okkar eru örlítið lengri en þeir sem aðrir bjóða upp á,“ bætir Björn við.

Rúmfatabúðin er einstök

Fyrir rétt rúmu ári opnaði Þvottahús A. Smith, eins og áður segir, glæsilega rúmfatabúð á Nýbýlavegi 28 í Kópavogi. Búðin nefnist Rúmföt.is og sérhæfir sig í vönduðum damask- og satín-rúmfötum sem m.a. eru saumuð á staðnum.

„Segja má að Rúmföt.is sé arftaki rúmfataverslananna Fatabúðarinnar og Versins,“ upplýsir Björn. „Samt ekki alveg, því við kaupum líka inn dýrustu og flottustu rúmfataefnin frá Ítalíu. Í fyrra vorum við með sérofið 600 þráða blómadamask í nokkrum litum og í ár lét ég vefa fyrir mig 700 þráða röndótt damask. Allt eru það ótrúlega mjúk og vönduð efni sem Magga saumakona saumar úr af sinni alkunnu snilld.“

Spurður hvernig nafnið á búðinni er tilkomið svarar Björn: „Ég hreinlega rann út á tíma. Búðin átti að heita eitthvað vöð flott en ég er í stjórnumerkinu voginni og vogir eru víst óákveðnar og taka sér langan tíma í allar ákvarðanir. Þess vegna er þetta bráðarbirgðanafan enn heitið á búðinni og svo er það líka sniðugt fyrir útvarpsauglýsingar,“ segir Björn brosandí.

Afmælistilboð fyrir jól

„Mér finnst alltaf gaman að gera vel við fólk og fæ miklu meira út úr því að fá ánægða viðskiptavinum til mín aftur og aftur en að telja peninga,“



Fagurrauður og djúpblár sængurfatnaður setur heillandi og jólalegan svip á svefnherbergið. Þá er ljúfur nætur-svefn tryggður á jólanótt þegar hvílst er í rúmfötum úr hágæða damaski og satíni frá Rúmföt.is.



Hjá Rúmföt.is er að finna sængurfatnað úr hágæða satíni í miklu úrvali.



Nýpressaðir dúkar sem biða eftir jóluum hjá Þvottahúsi A. Smith.

„Mér finnst alltaf gaman að gera vel við fólk og fæ miklu meira út úr því að fá ánægða viðskiptavinum til mín aftur og aftur en að telja peninga.“

segir Björn um leið og hann tekur fram dásamlega mjúka dunsæng og bætir við: „Í telfni þess að við erum nýbyrjuð að selja æðislegar dunsængur fylgir dún- og fiðurkoddí, að verðmæti 12.900 krónur, með öllum seldum sængum fram að jóluum,“ segir Björn í jólaskápi.

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi 28. Sími 565 1025. Opíð frá klukkan 12 til 18 alla virka daga og frá klukkan 11 til 15 á laugardögum. Sjá nánar á rumfot.is. Þvottahús A. Smith er í Bergstaðastræti 52. Sími 551 7140. Sjá nánar á dukar.is



Ítölsk lúxus rúmföt saumuð af Möggu saumakonu.



Rúmföt.is selur sérofin lúxus damaskrúmföt frá Ítalíu.



Í Rúmföt.is fæst glæsilegt úrval vandaðs rúmfatnaðar.



Stelpurnar í Þvottahúsi A. Smith að strauja jóladúka.



Walk-in N

Öryggi og vellíðan

Stilhrein sturta.
Sturtubotn fánlegur í
mörgun stærðum og litum.
Sturtuveggur með væng,
8mm hert öryggisgler.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



- fyrir þitt heimili

Bílar & Farartæki



Opið: 10 -17 alla virka daga.



NÝR DACIA DOKKER

kr.1.790.000 án vsk. kr.2.219.600 m.vsk. Um kr.22.000 á mánuði miðað við 80% lán í 84 mán + greiðslu á vsk. Til afhendingar samdægurs.



FORD TRANSIT TREND L3H2

Nýsk. 07/2018 ekinn.15.000 Kr.3.280.000 án vsk. kr.4.067.200 m.vsk. Um kr.41.000 á mánuði miðað við 80% lán í 84 mán + greiðslu á vsk. Til afhendingar samdægurs í Gilsbúð 3 í Garðabæ Raðnr.100135

Þjónusta

Magnússon ehf
Gilsbúð 3, 210 Garðabæ
Sími: 517 9500
www.magnusson.is

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikkaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



Fyrir íslenskar aðstæður



- Álklæddir trégluggar
- Trégluggar

Sjá nánar:
www.viking.ee



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000. www.aflvelar.is

Spádómar



Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO



Keypt & Selt

Veiðivörur




Barna og unglिंगaveiðigalli
Camo grænar eða bleikar vöðlur, belti, vesti og derhúfa.
Verð 11.900 kr.
St. 20-43



Veiðiportið
Grandagarði 3
101 s.552-9940
veidiportid.is

Til sölu



BEKKUR OG 2 STÓLAR
frá Stálhúsgögnum til sölu. Verð 35 þús. Sími 896-0753

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU:

Góð 2ja herb. íbúð með séringangi. Svefnherbergi, stofa, eldhús með nýlegri innréttingu. Ísskápur fylgir. Sér sturtuherbergi. Salerni. Aðgengi að stórum og grónum garði. Aðgengi að þvottahúsi á sömu hæð. Róleg gata, mjög miðsvæðis í borginni. Stutt göngufæri í miðbæinn, strætósamgöngur, verslanir og veitingastaði.

Laus strax-Uppl. í síma 893 2495.

Til leigu herbergi í kjallara í hverfi 109, um er að ræða rúmlega 14 m2, með aðgengi að wc, það er verið að koma upp sturtuádstöðu. Reglusemi áskilin. Nánari uppl. í síma:8561213

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar



Grundarfjarðarbær

Tillaga að nýju aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu að Aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einnig er auglýst umhverfisskýrsla tillögunnar samkvæmt 7. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006. Gefst nú 7 vikna athugasemdafrestur en að honum loknum mun bæjarstjórn taka afstöðu til athugasemda og afgreiða tillöguna til staðfestingar Skipulagsstofnunar.

Aðalskipulagstillagan nær til alls sveitarfélagsins og er sett fram í greinargerð og á tveimur skipulagsuppráttum. Þar kemur fram stefna sem varðar þróun byggðar, landnotkun og innviði og skiptir íbúa og aðra hagsmunaaðila miklu máli. Þeir eru því hvattir til að kynna sér skipulagsgögnin sem eru aðgengileg á vef sveitarfélagsins, www.grundarfjordur.is, og liggja frammi til sýnis á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar og hjá Skipulagsstofnun frá 4. desember 2019 til og með 22. janúar 2020. Sama dag rennur út frestur til að gera athugasemdir við tillöguna og umhverfisskýrslu hennar.

Athugasemdir skal senda skriflega á netfangið skipulag@grundarfjordur.is eða til Grundarfjarðarbæjar, vegna aðalskipulags, Borgarbraut 16, 350 Grundarfirði.

F.h. bæjarstjórnar
Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



*Frettablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup, jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.

Launafulltrúar,
gjaldkerar,
þjónustufulltrúar

hagvangur.is

HAGVANGUR

Meðvirkni grasserar á vinnustöðum

Framkvæmdastjóri mannauds hjá Íslandspósti segir meðvirkni grassera á mörgum vinnustöðum. Hefur verulega neikvæð áhrif á rekstur og líðan starfsfólks. Fæstir gera sér grein fyrir meðvirkni. Sérstök áhersla er lögð á að uppræta meðvirkni hjá Íslandspósti.

Ef hægt væri að mæla meðvirkni myndum við fara yfir mælinguna með stjórnendum einu sinni í mánuði. Meðvirkni er ein stærsta hindrunin í því að fyrirtæki nái árangri. Hún ristir djúpt í fyrirtækjameninguna og hefur verulega neikvæð áhrif á reksturinn og líðan starfsfólks," segir Sigríður Indriáadóttir, framkvæmdastjóri mannauds hjá Íslandspósti.

Sigríður segist hafa velt meðvirkni á vinnustöðum fyrir sér frá því að hún fór fyrst út á vinnu- markaðinn. Þá tók hún eftir því hvernig meðvirkni hefur neikvæð áhrif á líðan starfsfólks og við störf sín sem mannaudsstjóri hefur hún undanfarin ár unnið markvisst að því að uppræta rótgróna meðvirkni á vinnustöðum. Hún hefur lagt sérstaka áherslu á þessi mál eftir að hafa hafið störf hjá Íslandspósti í byrjun árs 2018.

„Þegar stjórnendur eru meðvirkir taka þeir ekki ábyrgð á starfskyldum sínum. Þeir halda ekki starfsfólki sínu ábyrgu fyrir verkefnum og leyfa því að komast upp með ýmislegt. Þeir samþykkja eitthvað sem allir sjá að er ekki í lagi. Með því að taka ekki á hegðunarvanda eða slæmri frammistöðu neita stjórnendur þannig að horfast í augu við raunveruleikann," segir Sigríður. Áhrifin geta verið vonleysi og vanlíðan, bæði meðal stjórnenda og starfsfólks. Afköstin minnka, samskiptin versna og veikindadögum fjölga.

„Hver kannast ekki við frasann: „Æ, hann er bara svona, við getum ekkert gert í því.“? Bara þetta eitt og sér getur haft neikvæð áhrif. Það grefur undan trausti og virðingu gagnvart stjórnanda á vinnustað þegar fólk sér að hann tekur ekki á vandamálum sem upp koma. Starfsmenn túlka það sem agaleysi og kunná að firra sig ábyrgð á því að sinna skyldum sínum í kjölfarið. Hugsa bara: „Fyrst hann kemst upp með það hlýtt ég að geta það líka," og láta bara slag standa með það.“

Sigríður segir að meðvirkni grasseri víða og fæstir stjórnendur geri sér grein fyrir því að þeir séu meðvirkir. Slíkt ástand geti leitt til þess að fyrirtæki eigi erfitt með að bregðast skjótt við breytingum í rekstrarumhverfinu og eigi á hættu að verða undir í samkeppni. Í stórum fyrirtækjum með ólíkar deildir og marga stjórnendur sé því mikilvægt að vinna markvisst að því að uppræta meðvirknina.

„Ég vinn þannig að ég vísa ábyrgðinni þangað sem hún á heima. Við sem stjórnendur verðum að axla þá ábyrgð sem fylgir starf-



Sigríður hefur lagt sérstaka áherslu á meðvirkni eftir að hún hóf störf hjá Íslandspósti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þegar stjórnendur eru meðvirkir taka þeir ekki ábyrgð á starfskyldum sínum.

inu okkar og þess vegna er það í okkar verkahring að brjóta upp meðvirkimynstrin á vinnustaðnum með handafla. Þar spilar uppbygging endurgjöf einnig lykilhlutverk," segir Sigríður.

Mannaudsteymi Íslandspósts hefur komið á fót sérstakri þjálfun fyrir stjórnendur fyrirtækisins sem gengur að miklu leyti út á sjálfskoðun, þróun og árangur. Stjórnendur vinna í því að skilgreina styrkleika sína, hvaða árangri þeir vilja ná í starfi og hvers konar áhrif þeir vilja hafa á samstarfsfólk sitt. Það er síðan sett í samhengi við framtíðarsýn Íslandspósts.

„Þegar við höfum skilgreint hvers konar frammistöðu er æskilegt til að ná markmiðum stjórnenda og Íslandspósts þá getum við skilgreint það sem við köllum topphegðun, en þegar við ástundum topphegðun er margfalt líklegra að við náum

settu marki. Og út frá þessari topphegðun getum við síðan skilgreint botnhegðun, það er að segja, þá hegðun sem hindrar okkur í að ná markmiðum okkar," segir Sigríður. Hún tekur dæmi um að topphegðun sé að nálgast verkefni með jákvæðu hugarfari, mæta brosand í vinnuna, og bjóða góðan daginn. Botnhegðun sé hins vegar að vera neikvæður, mæta fýldur til vinnu og heilsa engum. Allir starfsmenn fyrirtækisins fá tækifæri til að koma að því að skilgreina lista yfir topphegðun á sínum vinnustað og síðan er gerður sáttmáli um að sýna af sér slíka hegðun.

„Þegar við erum búin að setja

Fékk byr undir báða vængi eftir forstjóraskiptin

Töluverðar breytingar hafa orðið á rekstri Íslandspósts frá því að Birgir Jónsson tók við sem forstjóri í byrjun síðasta sumars. Fyrirtækið hefur ráðist í stórfelldar hagræðingaraðgerðir til að komast á réttan kjöl.

Var sérstaklega mikil þörf á því að taka á þessum málum hjá Íslandspósti?

„Ég tók til starfa í byrjun árs 2018 og sá þá fullt af tækifærum til að hjálpa fólki að vaxa í starfi. Við í mannaudsteyminu lögðum línurnar að þessu verkefni og það fékk síðan byr undir báða vængi eftir forstjóraskiptin í sumar. Íslandspóstur er rótgróið fyrirtæki sem byggist á sterkum hefðum. Hlutirnir höfðu alltaf verðir gerðir með ákveðnum hætti og það gekk ágætlega. Svo stóðum við frammi fyrir örur breytingum á pósthjónustumarkaðnum en hefðirnar og menningin komu oft á tíðum í veg fyrir að við gætum hreyft okkur nægilega hratt til þess að bregðast við þeim kröfum sem viðskiptavinir gera til okkar," segir Sigríður.

„Hér hefur verið meðvirkni, rétt eins og á mörgum öðrum vinnustöðum og það var mikilvægt að taka á ýmsum málum sem hafa kannski fengið að liggja óáreitt um margra ára skeið. Nú höfum við hins vegar tekið þá afstöðu að við ætlum ekki að vera meðvirk og erum mjög skýr í þeirri afstöðu okkar.“

Þessa hegðun í orð þá eru stjórnendur komnir með verkfæri í hendurnar. Segjum sem svo að einhver starfsmaður sýni af sér botnhegðun sem allir hafa komið sér saman um að sé ekki í lagi að samþykkja á vinnustaðnum. Þá er auðvelt fyrir stjórnandann að vísa ábyrgðinni til föðurhúsanna og spyrja: „Heyrðu, nú er botnhegðunin farin að taka svolítið yfir hjá þér og við getum ekki samþykkt það á þessum vinnustað. Hvað ætlarðu að gera til að bæta úr því?“ Flestir taka því vel og bæta sig, en stundum er svarið það að viðkomandi hafi engan áhuga á að vinna á þessum vinnustað og þá verður bara að hafa það. Ef þú ert ekki tilbúinn til að ástunda topphegðun í starfi til að við getum náð árangri, þá einfaldlega þarfðu að velja þér annað starf," segir Sigríður. thorsteinn@frettabladid.is

Tryggja að góðar hugmyndir komist til framkvæmda

Guðmundur Hafsteinsson, fyrrverandi yfirmaður vöruþróunar Google Assistant, segist fagna fyrstu aðgerðum nýsköpunarráðherra í þágu nýsköpunar. Nálgunin byggir á að ríkið styðji við frumkvöðla en það sé ekki þátttakandi í frumkvöðlastarfi.

„Það er verið að tryggja að fólk með góðar hugmyndir geti komið þeim til framkvæmda. Góðar hugmyndir í dag eru hagvöxtur morgundagsins. Efgóðar hugmyndar eru dreppnar í dag er verið að förna tækifærum morgundagsins," segir hann í samtali við Markaðinn.

Guðmundur, sem fór fyrir hópi um mótun nýsköpunarstefnu fyrir Ísland, gleðst yfir því að Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir nýsköpunarráðherra fylgi eftir stefnunni sem kynnt

var í október með aðgerðum. Þórdís Kolbrún kynnti á dögum aðgerðir í sex liðum í þágu nýsköpunar.

Á meðal aðgerða er að koma á fót 2,5 milljarða króna fjárfestingasjóði sem bera mun nafnið Kria. Hann á að fjárfesta í öðrum sjóðum sem fjárfesta í frumkvöðlafyrirtækjum. Guðmundur segir að með þessu fyrirkomulagi sé hið opinbera að stoppa í gat á markaðnum og hvetja aðra til að fjárfesta í frumkvöðlastarfi. „Það mun í framtíðinni skila meiri hagvexti til hagsbóta fyrir þjóðina," segir hann.

Aðspurður hvort það skjóti ekki skökku við að ríkið fjárfesti í nýsköpun bendir Guðmundur á að í Bandaríkjunum, sem sé þroskað á sviði nýsköpunar, hafi ríkið tekið virkan þátt meðal annars í

Góðar hugmyndir í dag eru hagvöxtur morgundagsins.

Guðmundur Hafsteinsson



gegnum sjóði. „Ísrael er annað gott dæmi," segir hann. Þar í landi hafi verið ráðist í aðgerðir til að þroska umhverfið fyrir nýsköpun og Ísrael sé fyrir vikið á meðal fremstu ríkja í nýsköpun.

Aukinheldur er lagt til að lífeyrissjóður megi eiga 35 prósent í fjárfestingasjóði sérhæfðum í frumkvöðlafyrirtækjum í stað 20 prósent eins nú er. Það þurfi því færri lífeyrissjóðir að koma að málum. Guðmundur segir að lagabreytingin muni auðvelda stofnun slíkra sjóða og leiða til þess að hægt verði að fjárfesta meira í nýsköpun.

Aðspurður hvort það sé áhættusamt fyrir lífeyrissjóði að leggja auknið fé í slíkar fjárfestingar segir hann að hlutfallslega lítið sé fjárfest í nýsköpun. „Ég hef frekar áhyggjur

af því að það sé of lítið," segir Guðmundur.

Jafnframt verður komið á fót hugveitu þar sem tíu frumkvöðlar og fjárfestar sitja með nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra. Guðmundur, sem er á meðal þeirra sem sitja í hugveitunni, segir að það hafi skort samtal á milli þeirra sem séu í frumkvöðlastarfsemi og hins opinbera. Nú verði hægt að vekja athygli á reglugerðum sem geri sprottafyrirtækjum lífið leitt. Ef til vill hafði enginn hjá hinu opinbera heyrst af því að tiltekin reglugerð væri frumkvöðlum fjötur um fót og engin mótstaða sé fyrir hendi fyrir því að gera breytingar á henni. „Ég er spennur fyrir þessu. Þetta mun vonandi verða til góðs," segir hann. helgivyfill@frettabladid.is

Samruninn var gífurlegt lærdómsferli

Svipmynd

Guðrún Eva Gunnarsdóttir

Nám:

Eftir stúdentspróf frá Versló 1998 lá leiðin í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Þaðan útskrifaðist ég árið 2002. Lauk síðan MBA-námi frá Háskóla Íslands árið 2016.

Störf:

Ég hef starfað hjá Högum frá því að ég stundaði nám í viðskiptafræðinni. Fyrstu árin var ég í fjárhagsdeild 10-11 og sérvörusviði. Þá hef ég sinnt starfi fjármála- stjóra Banana, Ferskra kjötvara og síðast Hagkaups áður en ég fór til móðurfélagsins árið 2010. Þá tók ég við starfi fjármálastjóra Haga og svo við skipulagsbreytingar nú í ágúst síðastliðnum tók ég við starfi framkvæmdastjóra rekstrar og samstæðu Haga.

Fjölskylduhagir:

Ég er í sambúð með Steinari Gíslasyni og saman eigum við tvo litla stráka, Breka rúmlega 3 ára og Torfa 18 mánaða. Svo eigum við hundinn Tímon sem er 8 ára loðbolti.

Guðrún Eva Gunnarsdóttir tók við sem framkvæmdastjóri rekstrar og samstæðu Haga í kjölfar skipulagsbreytinga í ágúst en hún var áður fjármálastjóri smásölurísans. Hún segir fjöldamörg verkefni í gangi sem tengjast mikið til samruna Haga og Olís og nú nýverið kaupum Haga á Reykjavík Apóteki.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mér finnst fátt skemmtilegra en ferðalög og gæðastundir með fjölskyldunni. Ég stefni þó á langan lista af áhugamálum í framtíðinni þegar strákarnir mínir stækka.

Hvernig er morgunrútinan þín?

Morgunrútinan er einföld. Ég hendi mér í sturtu og reyni svo að ná smá gæðastund með strákunum mínum áður en ég fer til vinnu.



Guðrún Eva hefur starfað hjá Högum frá því að hún stundaði nám í viðskiptafræðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hafragrautur er órjúfanlegur hluti af rútínunni og er minn „kaffibolli“ í morgunsárið. Ég gef mér þó aldrei tíma til að borða áður en ég legg af stað út í daginn heldur japla á grautnum fyrir framan tölvuna þegar ég mæti til vinnu.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Sú bók sem er hvað eftirminnelgust er án efa Dýragarðsbörninn. Ég las hana fyrir fjöldamörgum árum

og hún situr sem fastast í kollinum á mér. Annars les ég mest barnabækur þessa dagana og kemur Buna brunabíll þar sterklega til greina sem sú áhrifamesta.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni undanfarin misseri og hver eru helstu verkefni fram undan?

Aðdragandinn að samruna Haga og Olís var langur og strangur. Samrunaferlinu fylgdu mörg krefjandi

en skemmtileg verkefni og var gífurlegt lærdómsferli. Það eru spennandi tímar fram undan hjá Högum og fjöldamörg verkefni í gangi sem tengjast mikið til samrunanum og nú nýverið kaupum Haga á Reykjavík Apóteki. Verkefni snúa meðal annars að fasteigna- og þróunarmálum en einnig að því að styrkja innviði félagsins og að ná fram þeirri samlegð sem kynnt hefur verið.

Staðreyndin er sú að rekstur netverslana er oft á tíðum erfiður og sárafá fyrirtæki sem sjá jákvæða afkomu af slíkum rekstri í dag.

Hvernig er rekstrarumhverfi í smásölu að breytast og hvaða tækifæri felast í breytingunum?

Umhverfi smásölu er að taka miklum breytingum þessa dagana, þar sem meðal annars stafrænar lausnir eru að ryðja sér til rúms, eins og flestir vita. Þó stærsti hluti smásöluverslunar fari enn fram í hefðbundnum verslunum þá er hlutur netverslunar óðum að aukast. Neytendur vilja meiri sjálfvirkni og einfaldari lausnir og vilja geta verslað á sem stystum tíma. Staðreyndin er hins vegar sú að rekstur netverslana er oft á tíðum erfiður og sárafá fyrirtæki sem sjá jákvæða afkomu af slíkum rekstri í dag.

Við vitum þó að þetta er framtíðin og því fylgjumst við vel með þróuninni. Þá er mikilvægt að átta sig á að mikill munur er á rekstri netverslunar með matvöru og sérvöru en hlutur sérvöru hefur farið minnkandi hjá Högum undanfarin ár, með lokun fataverslana. Það er því nauðsynlegt að fylgjast vel með þessum breytingum og finna leiðir í stafrænum rekstri sem koma bæði neytendum og fyrirtækjum til góða.

Hvers hlakkarðu mest til þessa dagana?

Ég hlakka mest til jólaanna, það er engin spurning. Æðislegur tími til að njóta í botn með fjölskyldu og vinum.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Ég geri ráð fyrir að vera útsofin, þá með aðeins eldri börn, og auðvitað með langan lista af áhugamálum. En fyrst og fremst vona ég að heilsan og hamingjan verði mér og fjölskyldu minni hliðholl. Svo verð ég pottþétt á kafi í skemmtilegum verkefnum eins og síðustu ár.

Öll íslensk ríkisskuldabréf verði græn



Andri Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Fossum mörkuðum, og Kristján Guy Burgess, ráðgjafi um ábyrgar fjárfestingar

Íslendingar hafa tækifæri til þess að verða fyrstir þjóða til að gera alla útgáfu ríkisskuldabréfa græna, bæði í íslenskum krónum og í erlendri mynt. Íslensk stjórnvöld hafa í framhaldinu tækifæri til þess að nýta afrakstur grænnar skuldabréfaútgáfu til þess að fullfjármagna metnaðarfulla áætlun í loftslagsmálum.

Í heimsókn Sean Kidney forstjóra og stofnanda Climate Bonds Initiative, helsta sérfræðings heims í grænum skuldabréfum, í október, notaði hann tækifærið til að vekja athygli íslenskra ráðamanna á þessum möguleikum. Kidney, sem er meðal annars ráðgjafi Evrópusambandsins, Kína og framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um græn skuldabréf, staðhæfir að með því að Ísland sýni fram á að hægt sé að gera ríkisskuldabréfaútgáfu að öllu

leyti græna – og fullfjármagna loftslagsáætlun stjórnvalda, verði Ísland öðrum þjóðum mikil fyrirmynd.

Þau ríki sem farið hafa af stað í grænni ríkisskuldabréfaútgáfu, Frakkland, Holland, Pólland og Síle, svo fáein séu nefnd, hafa þurft að skipta upp skuldabréfaútgáfu sinni og gefa þannig bæði út græn skuldabréf og hefðbundin skuldabréf. Útgáfa græna skuldabréfa hefur mælst vel fyrir hjá þessum ríkjum sem hafa fengið hagstæð kjör og ætla að halda grænni útgáfu áfram. Ísland er hins vegar í þeirri einstöku stöðu að á sama tíma og nóg er af grænum verkefnum er skuldastaða ríkissjóðs með því lægsta sem gerist í heiminum. Því þarf íslenska ríkið ekki að skipta útgáfu sinni upp (e. carve out) í græna útgáfu og hefðbundna.

Græn skuldabréfaútgáfa er að flestu leyti eins og útgáfa annarra skuldabréfa, nema að því leyti að útgefandinn heitir því að veita andvirði útgáfunnar til umhverfisvænna verkefna og aðgerða gegn loftslagsbreytingum. Með því að ríkið taki forystu með útgáfu græna ríkisskuldabréfa er hægt að slá margar flugur í hverju höggi; skuldabréfamarkaðurinn dýpkar, eftirspurn og fjöldi fjárfesta eykst, tækifærum fjárfesta til græna fjárfestinga fjölga og fleira. Ekki er síður mikilvægt að

Ísland er í þeirri einstöku stöðu að á sama tíma og nóg er af grænum verkefnum er skuldastaða ríkissjóðs með því lægsta sem gerist í heiminum.

Ísland yrði þannig fyrirmynd á heimsvísu hvað varðar baráttuna gegn loftslagsvánni með tilheyrandi kastljósi á sjálfbæra nýtingu auðlinda landsins – meðal annars í sjávarútvegi, orkuframleiðslu og ferðaþjónustu – með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á hagkerfið allt.

Þessir kostir hafa komið skýrt fram í grænum skuldabréfaútgáfum íslenskra aðila að undanförnu. Í útboðum sem Fossum markaðir höfðu umsjón með fyrir hönd Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur fengust betri kjör en áður. Að auki vöktu útgáfunar mun meiri athygli en hefðbundnar útgáfur og talsvert fleiri fjárfestar tóku þátt í þeim. Þá hafa grænu bréfin reynst frábær vettvangur fyrir samtal fjárfesta og útgefenda um áherslur beggja í umhverfismálum og þau grænu verkefni sem fjármagnid er nýtt í. Þetta teljum við að verði einnig raunin þegar íslenska ríkið fer af stað með græna útgáfu.

Til sölu fasteign og rekstur leikskóla

Um er að ræða vinsælan fullbúinn einkarekinn leikskóla, sem er í góðum rekstri og staðsettur er miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.

Til sölu er fasteign, rekstur og lausafé.

Húsnæði er 462 fm á stórri og skjólsælli lóð.

Áhugasamir hafi samband við:
radgjof@lmbmandat.is
LMB | Mandat slf.

Skotsilfur



Misvægið

Íbúðalánasjóður (ÍLS) er í tilvistar-kreppu. Hlutverk sjóðsins á lána-markaði hefur skroppið saman og nú felst það einkum í því að bera ábyrgð á „framkvæmd húsnæðismála“. En ríkisstofnanir spyrna við þegar vægi þeirra dvínar og sjá mátti merki um þessar tilhneingingar á húsnæðisþinginu sem **Ásmundur Einar Daðason** félagsmálaráðherra stóð nýlega fyrir. Í kynningu ÍLS birtust ný orð yfir aldagömul fyrirbæri. Þegar einhver byggir húsnæði á landsbyggðinni og markaðsverð reynist lægra en byggingarkostnaður heitir það ekki lengur tap heldur misvægi. Orðræða ÍLS snýst síðan um að hið opinbera leiðrétti þetta misvægi. Sjóðurinn deyr ekki ráðalaus.



Skildu eftir nefndirnar

Erlendu sjóðirnir hafa sett sitt mark á hlutabréfmarkaðinn. Þeir komu ekki aðeins með fjármagn heldur einnig framandi hugmyndir. Tilnefningarnefndir náðu útbreiðslu 2018 eftir bréfaskriftir Eaton Vance til þeirra skráðu félaga sem sjóðir fyrirtækisins höfðu fjárfest í. Ýmsir einkafjárfestar, til dæmis **Jón Ásgeir Jóhannesson**, höfðu þó uppi efasemdir um nýja fyrirkomulagið og töldu það geta grafið undan áhrifum minnihlutans. En um leið og bylgjan hafði gengið yfir og flest félög komið tilnefningarnefndum á fót byrjuðu erlendu sjóðirnir að selja sig út úr íslensku félögunum. Nefndirnar standa hins vegar eftir enn óhaggaðar.



Gjain gliðnar

Verðbil hlutabréfa í fjarskiptafélögunum hefur breikkað. Fyrir ári var markaðsvirði Símans um 32 milljarðar en Sýnar um 20 milljarðar. Þá voru 12 milljarðar sem skildu félögin að en eins og staðan er í dag er markaðsvirði Símans fimmfalt meira en Sýnar. Það stendur nú í 50 milljarðum en er aðeins í eins stafs tölu hjá Sýn, rétt tæplega 10 milljarðum. **Jón Sigurðsson**, stjórnarformaður Stóða stærsta hluthafa Símans, getur vel við unað.



Þú kaupir jólagjöf – hvert fer peningurinn?

RÁÐDEILDIN

Konráð
Guðjónsson
Hagfræðingur
Viðskiptaráðs



Jólin ganga senn í garð og óhætt að segja að jólaverslunin sé hafin af fullum krafti eftir „svartan föstudag“ og „net-mánudag“. Umfang jólaverslunar hleypur á milljörðum króna, en í hvað fara þessir milljarðar?

Annar forstjóra vogunarsjóðsins Bridgewater lætur af störfum



Eileen Murray, annar tveggja forstjóra vogunarsjóðsins Bridgewater, hefur hætt störfum. Hún starfaði fyrst við hlið Gregs Jensen sem talinn var arftaki stofnanda sjóðsins, Ray Dalio. Fljótlega tók Jon Rubinstein við starfinu. Hann var yfirmaður hjá Apple og gekk undir nafninu „The Podfather“. Hann hætti innan árs. Nú stýrir David McCormick skútunni einsamall. Stólaskipti innan Bridgewater hafa verið tíð. NORDICPHOTOS/GETTY

Lífskjarasamningurinn og launahækkunar í kjölfar hans



Halldór
Benjamin
Þorbergsson
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði 2019-2022 voru undirritaðir hjá ríkissáttasemjara að kvöldi 3. apríl. Í kjölfarið voru aðgerðir ríkisstjórnarinnar til stuðnings samningunum ásamt helstu atriðum þeirra kynntar í Ráðherrabústaðnum. Lífskjarasamningurinn 2019-2022 er yfirskrift þeirra fjölmörgu samninga og yfirgripsmiklu aðgerða sem aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld hafa sammælt um næstu árin.

Lagt var upp með samsetta lausn til að mæta margþættum áskorunum. Hærri laun, einkum lágtekjuhópa, aukinn sveigjanleiki vinnutíma samhliða styttingu vinnuviku, lægri tekjuskattur og sköpun forsendna fyrir lægri vexti á Íslandi til framtíðar. Eitt meginmarkmið

samningsins, og annarra samninga í kjölfarið, er að stuðla að vaxtalækkun með hóflegum launahækkunum. Frá undirritun samningsins hafa stýrivextir Seðlabanka Íslands lækkað um 1,5%. Viðtæk aðkoma ríkisvaldsins felst meðal annars í lögfestingu lækkunar skattbyrði einstaklinga. Flestir munu sjá lækkun um 70-120 þúsund krónur á ári. Mest kemur í hlut launafólks með mánaðartekjur í kringum 320.000 krónur.

Samsett lausn virkar

Frá gildistöku Lífskjarasamningsins í byrjun apríl til ágúst mánaðar hækkaði launavísitala starfsmanna á almennum vinnumarkaði um 3,2%. Launavísitala fyrir opinbera starfsmenn hækkaði um 0,1%, enda voru engir kjarasamningar gerðir fyrir þá á framangreindu tímabili. Samsetning launavísitölunnar er þannig að starfsmenn á almennum vinnumarkaði vega 70% og opinberir starfsmenn 30%. Launavísitalan í heild hækkaði þannig um 2,8%.

Við gerð Lífskjarasamningsins var áætlað að 17.000 króna hækkan mánaðarlauna allra starfsmanna á almennum vinnumarkaði hækkaði laun um 3,6% að meðaltali.

Kostnaðarmat samninganna er mjög nærri lagi, að teknu tilliti til þess að samningalotunni á almennum vinnumarkaði er enn ólokið. Kjarasamningarnir hafa þannig í langflestum tilvikum verið framkvæmdir nákvæmlega eins og þeir kveða á um og nánast ekkert launaskrið orðið í kjölfar þeirra.

Launaskrið


Miklar launahækkunar kjarasamninga og mikið launaskrið umfram þá hefur verið eitt meginmarkmið íslenska vinnumarkaðarins. Á þessum áratug hafa almennar lágmarkshækkunar kjarasamninga verið 4% að jafnaði en launavísitala Hagstofunnar hækkað um 7% að jafnaði. Mismuninn, 3%, oft nefndur launaskrið, má rekja til fjölmargra þátta bæði í kjarasamningum og utan þeirra. Til samanburðar hækkuðu laun að jafnaði um 2% árlega í OECD-ríkjunum og enn minna í evruríkjunum. Umsamdar lágmarks launahækkunar voru því tvöfalt meiri á Íslandi en launahækkunar í samkeppnisríkjum og launaskriðið kom til viðbótar þannig að laun hækkuðu rúmlega þrefalt meira að jafnaði á

Íslandi. Launahækkunar í þessum mæli samrýmast hvorki svigrúmi atvinnulífsins til launahækkana, það er framleiðniþróun, né stöðugleika verðlags, gengis eða lágum vöxtum. Lífskjarasamningurinn er framlag samningsaðila til að rjúfa vítahring launa- og verðhækkana, en það markmið næst ekki nema með miklu aðhaldi launagreiðenda þannig að launaskrið verði mun minna en undangengin ár og áratugi.

Næstu skref

Enn er samningum ólokið við flest stéttarfélag opinberra starfsmanna. Það er áhyggjuefni hversu lengi þeir hafa dregist enda hafa línur verið lagðar með afdráttarlausum hætti á almennum vinnumarkaði. Almenni vinnumarkaðurinn á að leiða launaþróun í landinu og stéttarfélag í öðrum geirum eiga og verða að fylgja því sem samið er um á almenna markaðnum. Ef þau gera það ekki verður til svokallað höfrungahlaup, kjarasamningar á almennum markaði komast í uppnám, stöðugleika efnahagsmála er teft í tvísýnu og markmið um lága verðbólgu og vexti nást ekki. Það má ekki gerast.

Sundurliðun veltu í smásölu í milljörðum króna*



*Smásala án vélknúinna ökutækja. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga tekin út og arðgreiðslur, tekjuskattur og hagnaður endurfjárfest tekin niður eftir því. **T.d. vextir og gengisbreytingar. Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar höfundur

Af hverjum 100 krónum sem heimilin vörðu í smásöluverslun 2018 var ein króna greitt út í arð.

fjölgun og aukinn kaupmátt. Á meðan rekstrarhagnaður hefur hlutfallslega staðið í stað hefur vægi launa- og rekstrarkostnaðar aukist á kostnað vöru- og hráefnisnotkunar. Ef við skodum svo rekstrarhagnað nánar má sjá að ein af hverjum 100 krónum sem heimilin vörðu í smásöluverslun 2018 var greidd út í arð.



-30%

AF ÖLLUM
VÖRUM Í
NETVERSLUN

dagur

TILBOÐ
GILDIR TIL
7. DES


RÍKISKAUP

2019 Fyrirmyndarfyritæki
í rekstri
Væðingarástíð 24. nóvember

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

SKOÐUN

Helgi Vífill
Júlíusson



Vandi fjölmiðla

Stjórnendur fjölmiðla þurfa að gera betur þegar kemur að því að skapa fjölskylduvæna vinnustaði. Það er mikilvægt fyrir blaðamenn sem eiga ung börn að losna úr vinnu á skikkanlegum tíma til að sækja þau í dagvistun.

Mín reynsla, sem nær aftur til ársins 2006, er að blaðamenn vinna ólaunaða yfirvinnu og fá ekki fri á móti. Hlúa þarf vel að starfsmönnum enda er vinnuframlag þeirra sem eru ánægðir í starfi betra. Eftir að fréttalestur færðist á internetið er það heilbrigð fyrir tækjameningu sem mun skapa þungavigtarfjölmiðlum samkeppnisforskot. Í góðri menningu verða hugmyndir frjórri, samband við heimildarmenn sterkara og viðmið í fréttamennsku betri.

Í ljósi langra vinnudaga þótti Blaðamannafélaginu eflaust ekki sannfærandi að hægt væri að stytta vinnuvikuna, eins og kveðið er á um í lífskjarasamningnum sem okkur stendur til boða. Það er hins vegar hægt að stytta vinnuvikuna með sveigjanlegri vinnutíma.

Að sama skapi hafa blaðamenn farið fram úr sér í kjarabaráttu sinni. Að sjálfsögðu vil ég hærri laun fyrir mig og samstarfsmenn mína. Of margir blaðamenn eru á alltof lágum launum. Flest eignum við skilið vænar launahækkunar. Veruleikinn er því miður sá, að það er ekki raunhæft eins og sakir standa að hækka launin.

Fjölmiðlar standa höllum fæti enda hafa auglýsingatekjur dregist hratt saman og áskrifendum fer fækkandi. Afkoma fjölmiðla í ár verður án efa enn verri en í fyrra. Fyrirtæki verða að geta staðið undir launahækkunum. Annars fara þau á hausinn eða segja upp starfsmönnum í hagræðingarskygni. Í ljósi erfiðs rekstrarumhverfis óttast ég að störfum muni fækka í greininni. Hvernig blaðamenn standa að kjarabaráttu okkar hefur aukið á þann ótta.

Það er tvennt sem getur bætt stöðu einkarekinna fjölmiðla. Í fyrsta lagi ættu allar fjölskyldur sem láta sig þjóðfélagsmál varða að vera áskrifendur. Það liggur í augum uppi að lesendur verða að styðja við bakið á þeim fjölmiðlum sem eru þeim að skapi. Í öðru lagi eru skattar á Íslandi með þeim hæstu sem þekkest. Það dregur úr krafti fyrirtækja til að auglýsa og endurspeglast til dæmis í háu tryggingagjaldi sem eykur launakostnað. Í þriðja lagi þarf að loka RÚV enda sgar það til sin auglýsingatekjur og almannafé.

LSR orðinn stærsti hluthafi VÍS

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) bætti verulega við eignarhlut sinn í VÍS þegar sjóðurinn keypti meirihluta þess 7,25 prósent hlutar sem Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson seldu í tryggingafélaginu 21. nóvember síðastliðinn. Er hann nú stærsti hluthafi VÍS með 9,6 prósent hlut en með kaupunum tvöfaldaðist næstum því hlutur sjóðsins.

Samkvæmt heimildum Markaðarins keypti LSR, bæði A- og B-deild sjóðsins, sam-



Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri LSR.

tals 80 milljónir hluta í VÍS, eða sem nemur rúmlega 4,1 prósent eignarhlut, fyrir um 877 milljónir króna. Aðrir kaupendur að bréfunum sem Svanhildur og Guðmundur seldu í VÍS, sem þau áttu í gegnum félagið K2B fjárfestingar, voru meðal annars lífeyrissjóðirnir Frjálsi, Stapi, Birta og Lífsverk.

Næststærsti hluthafi VÍS er Lífeyrissjóður verslunarmanna með 8,13 prósent hlut en þar á eftir koma erlendir sjóðir í stýringu Landsdowne og Miton. – hae

29.11.2019

Mönnum finnst dálítið eins og Ríkisútvarpið fljóti um á vindsæng með sólgleraugu meðan allir á einkamarkaði berjast í bökkum.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra



Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar.

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

HLÍÐARSMÁRI 4



Erum flutt að HLÍÐARSMÁRA 4 201 Kópavogi 2. hæð.
Verið velkomin á nýja staðinn, við tökum vel á móti ykkur.
Kaffi á könnunni og frítt verðmat!



Viðir Arnar Kristjánsson



Guðný Ösp Ragnarsdóttir



Haukur Halldórsson



Bergþóra Lárusdóttir



Snorri Björn Sturluson



Sigurberg Guðjónsson



Daði Þór Jónsson



Inga Björg Sigurðardóttir



Ólafur Sævarsson



Kristín Einarsdóttir



Agnar Agnarsson



Vilborg Gunnarsdóttir



Árni Helgason



Steinar Ársællsson



Hrannar Jónsson



Sölvi Þór Sævarsson

DOMUSNOVA
Fasteignasala

Hlíðarsmára 4 Kópavogi - Austurvegi 6 Selfossi & Stillholti 16-18 Akranesi
Sími 527 1717 - www.domusnova.is



Baldur Örn Baldursson



Kristín Björg Jónsdóttir



Hrafkell Pálmason



Guðný Guðmundsdóttir



Erla Björk Theodórsdóttir



Ingunn Björg Sigurjónsdóttir



Björgvin Þór Rúnarsson



Sverrir Sigurjónsson



Sigríður Elka Guðmundsdóttir



Oscar Clausen



Magnús Guðlaugsson



Bergrós Hjálmsdóttir



Gunnar Vilhelmsson



Bjarni Stefánsson



Aðalsteinn Bjarnason



Óskar Már Alfreðsson

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
0 4 °C ↑	-2 8 °C ↑	0 4 °C ↑
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
0 0 °C ○	-1 5 °C ↑	-6 6 °C ↑

Suðvestlæg átt 3-10 m/s í dag, en vestan strekk-ingur með suðurströnd-inni. Víða éljagangur, en þurr norðaustanlands. Hiti um og undir frost-marki.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
0 3 °C ↕	-3 3 °C ↕	0 10 °C →
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
-3 5 °C ↑	-3 7 °C ↕	-10 3 °C ↑

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-3 3 °C ↕	-6 3 °C ↕	-6 3 °C ↕
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
-3 4 °C ↕	-3 6 °C ↕	-8 7 °C ↕

LÉTT

	5	6		1		7		
		1			6	5	8	3
8	9						2	6
9		7	6					8
	8	4		2			3	
3			1					
6		5			1		9	
	2		9			4		
				4				

MIDLUNGS

		7		2	8	1		
		2			6		3	5
		6			5			
			7			2	4	
	1			9				
9				6		7		8
5	6	8		1				2
3					7			1
2				8	9			

PUNG

								9
		8			2	5		3
2	4			8				
	9		4		3	7		
7					1		2	
8	4							
	6			7		3		
			2	1				4
9								7

Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 Bugt
- 5 Óvissa
- 6 Samtök
- 8 Nálægð
- 10 Tveir eins
- 11 Funa
- 12 Jurt
- 13 Nema
- 15 Berja
- 17 Á ný

LÓDRÉTT

- 1 Loki
- 2 Ofneysla
- 3 Skarð
- 4 Söngla
- 7 Mótbarur
- 9 Ske
- 12 Hrífjuf
- 14 Hvílast
- 16 Í röð

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 vogur, 5 efi, 6 aa, 8 hálfgrun, 10 tt, 11 líf, 12 gras, 13 læra, 15 ljósta, 17 áftur.
LÓDRÉTT: 1 ventill, 2 ofat, 3 gill, 4 rauða, 7 and-svar, 9 gerast, 12 gróf, 14 sjá, 16 tu.

Skák Gunnar Björnsson

Lukin átti leik gegn Federov í Leníngrad árið 1983.

1. Hxg6+! Kxg6 2. Hh6! Kxh6 3. Rxf5+ Kg7 4. Rxe7+ 1-0. Íslenskir skák(áhuga)menn hafa margir hverjir fengið val-greiðslukröfu í netbankann. Því sem safnast ætlað til þess byggja upp landsliðs fram-tíðarinnar með því gefa ungum skákmönnum aukin tækifæri. Skákmenn eru hvattir til þess að leggja skákreyfingunnar lið.

Hvítur á leik



www.skak.is: Jólafjör hjá ung-mennum næstu helgi.

3	2	8	1	5	9	7	6	4
4	6	5	2	7	3	1	9	8
7	1	9	4	6	8	2	3	5
5	7	1	6	9	4	8	2	3
8	4	6	3	2	5	9	1	7
9	3	2	7	8	1	4	5	6
6	8	3	9	1	7	5	4	2
1	5	4	8	3	2	6	7	9
2	9	7	5	4	6	3	8	1


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frade Överli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

K371 sófi
Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar

Komið og skoðið úrvalið

NYFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook


Ólafur Jóhann áritaði 1.000 bækur

The New York Times segir að Sakramentið eftir Ólaf Jóhann Ólafsson sé ein af níu athyglisverðustu bókum sem koma út nú fyrir jólin í Bandaríkjunum. Blaðið birti um síðustu helgi lista yfir þessar bækur en þar eru fjögur skáldverk og fimm bækur almenns efnis, þar á meðal um hæstaréttardómarann umdeilda Kavanaugh (Supreme Ambition).

Sakramentið kom út vestan hafs í gær en Ólafur Jóhann hefur nú þegar áritað 1.000 eintök, meðal annars fyrir stærsta leshring Bandaríkjanna, Parnassus First Editions Club, sem í eru 650 félagar.

Það er hvorki lítið verk né löðurmannlegt fyrir rithöfund að árita 1.000 bækur. Bládamadur náði tali af Ólafi Jóhanni og spurði hvernig hefði gengið. „Það er óhætt að segja að ég hafi vanmetið þetta verkefni. Ég gaf mér um tvo tíma í það en athugaði ekki að það þýddi um tíu bækur á mínútu. Það hefði verið gott að vera jafnvígur á vinstri og hægri. Og svo er rithöndin ekkert til að monta sig af. Þegar ég var strákur í Öldugötuskóla fékk ég alltaf 5 í skrift og handrit mín getur enginn lesið nema ég sjálfur,“ segir Ólafur Jóhann. „En þetta hafði og allir voru ánægðir. Ég sat uppi með stírdá fingur en sá samt ekki neina ástæðu til að vorkenna mér.“

– kb



Ég sat uppi með stírdá fingur, segir Ólafur Jóhann, sem hér sést árita Sakramentið í bókabúð í New York. The New York Times mælir með bókinni.

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

4. DESEMBER 2019

Hvað? Höfundakvöld

Hvenær? 20.00

Hvar? Gunnarshús, Dyngjuvegi Ásta Fanney Sigurðardóttir les úr ljóðabókinni Eilífðarnón, Kristín Eiríksdóttir úr ljóðabókinni Kærastinn er rjóður og Andri Snær Magnason úr fræðibókinni Um tímann og vatnið. Léttar veigar í boði. Allir velkomnir.

Hvað? Teiknismiðja

Hvenær? 16.00-17.30

Hvar? Borgarbókasafnið/Menningarhús Árbæ Áhugasamir geta mætt og teiknað saman. Kristín Arngrímsdóttir, myndlistarmadur og starfsmadur bókasafnsins, verður þátttakendum innan handar. Ókeypis þátttaka.

Kristín Eiríksdóttir er meðal höfunda sem lesa upp í Gunnarshúsi.

Hvað? Fagnaður á afmæli Hannesar Hafstein

Hvenær? 18.00

Hvar? Hannesarholt, Grundarstíg Nýtt hefti um Fjalldrapann kemur út, samnefnt ljóð Hannesar Hafstein hefur lifnað við í málverki Eggerts Péturssonar, tónsmíð Þóru Marteinsdóttur sem barnakór úr Kópavogi frumflytur í enskri þýðingu Julians Meldon D'Arcy.

Hvað? Heimildarmyndin UseLess

Hvenær? 20.00

Hvar? Bíó Paradís Íslensk mynd sem bregður ljósi á hvernig soun matvæla og fatnaðar hefur orðið að samfélags- og umhverfislegu vandamáli og hvað við getum gert til að takast á við það.

Hvað? Svona fólk – erindi og umræður

Hvenær? 20.00

Hvar? Safnaðarheimili Neskirkju Erindi flytja: Jónína Leósdóttir rithöfundur, Björn Þór Vilhjálmsson lektor og Hafdís Erla Hafsteinsdóttir sagnfræðingur. Pallborðsumræður. Félag íslenskra fræða býður upp á léttar veitingar.

Hvað? Spjallfundur um jólin

Hvenær? 20.30

Hvar? Að Háaleitisbraut 13 - IV. hæð



VATNSHITABLÁSARAR

Öflugir blásarar með þykkum koparpípum og léttari hönnun.



VERÐ FRÁ 89.990 KR



Dreifðu varmanum -haltu loftinu á hreyfingu

Loftviftur




Hljóðlátir blásarar

100 mm



Þakblásarar

Mikið úrval af stærðum og gerðum.



Hljóðlátar baðviftur



Purrktæki

Er rakastigið of hátt?



Verð frá kr 39.990

Hitavír

Í þakrennur eða vatnslagnir



Verð frá kr/m 1.450

ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMÍÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

Íshúsið

viftur.is

S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

HÚLLUMHÆ Í HALLARMÚLA!

ÖLL PÚSLUSPIL



30%
afsláttur



KITE FERÐATÖSKUR



50%
afsláttur



30%
afsláttur

Apple AirPods /
Apple AirPods
m. þráðlausri hleðslu
VILDARVERÐ FRÁ: 20.249.-
Verð frá: 26.999.-

Rafmangshlaupahjól MI M365 /
Rafmangshlaupahjól MI M365 PRO
VILDARVERÐ FRÁ: 52.499.-
Verð frá: 69.999.-

ÖLL SPIL



40%
afsláttur

30%
afsláttur

ALLIR JÓLAPOKAR OG JÓLAKASSAR



AIR FERÐATÖSKUR



50%
afsláttur



30%
afsláttur

FORSALA!
AFHENT
9. DES.

ÖLL JÓLAKORT



30%
afsláttur

Ferðataska KITE
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 14.500.-
Verð áður frá: 28.999.-

Ferðataska AIR
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 13.000.-
Verð áður frá: 25.999.-

Nuddbyssa Hyper Pro 2
VILDARVERÐ: 13.999.-
Verð: 19.999.-

KOMDU & GERÐU

GILDIR AÐEINS Í HALLARMÚLA!

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLU!

OG FULLT AF ÖÐRUM FRÁBÆRUM TILBOÐUM

ALLAR FARTÖLVUTÖSKUR



30% afsláttur

ALLAR OXFORD MINNISBÆKUR



30% afsláttur

35% afsláttur

Sandberg®



Leikjastóll Commander
TILBOÐSVERÐ: 25.118.-
Verð áður: 33.490.-

ALLAR ERLENDAR FULLORÐINSLITABÆKUR OG MYND- OG HANDMENNTARBÆKUR



30% afsláttur

ÖLL HNATTLÍKÖN



30% afsláttur

STAEDTLER

Tússlitaveski Fineliner
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 4.997.-
Verð áður frá: 7.139.-

30% afsláttur



Trélitir Vatnsleysanlegir
60 stk.
TILBOÐSVERÐ: 12.494.-
Verð áður: 17.849.-

30% afsláttur



Kjöthitamælir
MEATER +
VILDARVERÐ: 15.999.-
Verð: 22.999.-




Innflytjandinn
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Í eldhúsi Evu
TILBOÐSVERÐ: 4.699.-
Verð áður: 6.999.-



Jólasysturnar
TILBOÐSVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.999.-



Dagbók Kidda klaufa -
Allt á hvolfi!
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 4.999.-



Síldarárin
TILBOÐSVERÐ: 11.999.-
Verð áður: 16.999.-

FRÁBÆR KAUP!



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is


Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er aðeins 4. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



*Frettablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup, jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

RÚV SJÓNVARP

09.50 Þýskaland - Frakkland Bein útsending frá leik á HM kvenna í handbolta.
13.05 Kastljós
13.20 Menningin
13.30 Gettu betur 1987 MA - FB
14.15 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps Litið um öxl yfir 50 ára sögu sjónvarpsútsendinga á Íslandi og fróðleg og skemmtileg augnablik rifuð upp með myndefni úr Gullkistunni. Kynnir er Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson. e.
14.30 Mósaik
15.15 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991
16.40 Vatnajökull - Eldhjarta Íslands: Land andstæðnanna Fjórði og jafnframt lokapátturinn fjallar um landsvæðið og lífið norðvestan við Vatnajökul. Í Vatnajökli eru hvorki meira né minna en sjö megineldstöðvakerfi og þar slær eldhjarta Íslands takfast undir jöklinum. Þarna átti sér stað eitt stærsta eldgos Íslandssögunnar þar sem hraunstraumurinn náði alla leið til Eyrarbakka.
17.10 Eyðibýli: Öxney
17.50 Táknálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Jóladaatalið. Jólakóngurinn Karvel er níu ára og býr í Silfur-skógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr. Margt getur komið í veg fyrir að það rætist og þess vegna hefur hann undirbúið sig sérstaklega vel. En samt verða jólin allt öðruvísi en hægt var að ímynda sér.
18.25 Disneystundin
18.26 Sögur úr Andabæ - Síðasta brotlending sólfarsins
18.50 Krakkafréttir Fréttapáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Kiljan
21.00 Skytturnar - The Musketeers III Þriðja þáttaröð um ævintýri skyttanna fræknu og baráttu þeirra fyrir réttlæti og heiðri. Aðalhlutverk: Tom Burke, Luke Pasqualino og Santiago Cabrera. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Pöddur - BUGS
23.20 Kveikur
23.55 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

07.20 Spanish Ladies Open Útsending frá Spanish Ladies Open á Evrópumótaröð kvenna.
10.20 Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
11.10 Spanish Ladies Open
14.10 CME Group Tour Championship Útsending frá CME Group Tour Championship á LPGA-mótaröðinni.
17.10 Golfing World
18.00 Hero World Challenge Bein útsending frá Hero World Challenge á PGA-mótaröðinni.
21.00 Alfred Dunhill Championship Útsending frá Alfred Dunhill Championship á Evrópumótaröðinni.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Late Late Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 Single Parents
14.15 Með Loga
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Late Late Show
19.00 America's Funniest Home Videos
19.20 The Good Place
19.45 Life in Pieces
20.10 Survivor
21.00 New Amsterdam
21.50 Stumptown
22.35 Beyond
23.20 The Late Late Show
00.05 NCIS
00.50 9-1-1
01.35 Emergence
02.20 The Arrangement
03.05 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregni
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal: Finnur Friðriks-son, dósent í íslenskri málfræði
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Stormsker
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsgagan. Hús úr húsi
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.30 Lego DC Super Hero Girls. Super-Villain High
12.50 Trumbo
14.55 Victoria and Abdul
16.45 Lego DC Super Hero Girls. Super-Villain High
18.05 Trumbo
20.10 Victoria and Abdul
22.00 American Assassin
23.55 Halloween
01.45 Nasty Baby
03.25 American Assassin

STÖÐ 2

08.00 Friends
08.25 Masterchef USA
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Two and a Half Men
09.45 Mom
10.05 I Feel Bad
10.30 The Good Doctor
11.10 PJ Karsjó
11.45 Bomban
12.35 Nágrannar
13.00 Strictly Come Dancing
14.55 Strictly Come Dancing
15.40 Grand Designs. Australia
16.30 Falleg íslensk heimili
17.00 Í eldhúsi Evu
17.43 Bold and the Beautiful
18.03 Nágrannar
18.28 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Vikingalottó
19.15 Aðventumolar Árna í Árdal Ómissandi aðventuþættir með Árna Ólafi sem er sem fyrr búsettur í Árdal í Borgarfirðinum. Hér mun hann koma öllum í rétta hátíðarskapið og reiða fram einn rétt á dag fram að jólum. Með ein-skærri lífsgleði og eldmóði hefur Árni sérstakan hæfileika til að hrifa fólk með sér. Hér nær hann svo sannarlega að veita áhorfendum innblástur og að töfra fram góða og næringarríka rétti sem allir ættu að geta leikið eftir heima á adventunni.
19.25 First Dates
20.15 Timeless
21.00 The Good Doctor
21.45 Mrs. Fletcher
22.20 Orange is the New Black
23.20 Room 104
23.50 NCIS
00.35 The Blacklist
01.20 Magnum P.I.
02.05 Sandhamn Murders

STÖÐ 3

19.10 Kevin Can Wait
19.35 The Last Man on Earth
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
21.35 Splitting Up Together
22.00 Sally4Ever
22.35 Gasmamman
23.20 Batwoman
00.05 Supergirl
00.50 Kevin Can Wait
01.15 The Last Man on Earth
01.40 Friends
02.05 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.05 Fiorentina - Lecce Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
08.45 Real Sociedad - Eibar Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
10.25 Swansea - Fulham Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
12.05 HK - KA/Þór Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
13.35 Evrópudeildarmörkin
14.25 Kansas City Chiefs - Oakland Raiders
16.45 Baltimore Ravens - San Francisco 49ers
19.05 Snæfell - Grindavík Bein útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
21.15 Dominos - Körfuboltakvöld karla Leikirnir í Dominos deildinni gerðir upp af sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.
22.55 UFC 243. Whittaker vs. Adesanya Útsending frá UFC 243 í Ástralíu þar sem Robert Whittaker og Israel Adesanya eigast við í aðalbardaga kvöldsins.

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útlit Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin


VIÐ ÞÖKKUM STUÐNINGINN Í SUMAR



U-19 kvenna
5. sæti á EM í Búlgaríu, B-deild



U-17 kvenna
2. sæti á EM á Ítalíu, B-deild



Narfi ehf • Skipalyftan • Braggabílar ehf • Skóstar • Leo Fresh Fish • Dressmann • Controlant ehf
Seglagerðin • Ásbjörn Ólafsson ehf • Proevents ehf • Lífsgæði ehf • Stúdíó S Hárstofa • RM ráðgjöf
Isavia • Hraunborgir ehf. • RARIK ohf • Novo food • Matbær ehf (Kænan) • Rafal ehf
Kjötkompaní ehf • ERR CC Viðburðir • Heima hjá þér slf



Helga Rakei segir fátt jafn skemmtilegt og að gramsa á stórum nytjamörkuðum í útlöndum og nýtir öll tækifæri sem gefast. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Helga Rakei í notuðum fötum úr Spúútník, Samhjálp, Wasteland og í úlpu frá fatamarkaðinum á Hlemmi.



Vestið frá Rauða krossinum, buxurnar úr Nytjamarkaði Samhjálp, jakkann keypti hún notaðan á Spáni.

Gegn tískustraumum í buxum af pabba

Helga Hagalín ákvað að bregðast við loftslagsvánni með því að virkja hringrás tískunnar. Hún byrjaði að ganga í buxum af pabba sínum fyrir tveimur árum og hefur síðan þá ekki keypt sér ný föt.

Helga Rakei Hagalín er átján ára gömul, markaðsstjóri Nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlið, keppir með meistaraflokki Gróttu í fótbolta og gengur í buxum af pabba sínum þar sem hún hefur ekki keypt sér ný föt í tvö ár.

Meðvituð um neikvæð umhverfisáhrif síbreytilegrar fatatískunnar ákvað Helga Rakei að hætta að ganga í nýjum fötum enda illmögulegt að full- og endurnýta þegar fatavalið hverfist um að það sem var töff í gær er orðið glatað á morgun.

Hún segir umhverfisvænt fatavalið hafa ýmsa kosti aðra og þótt kolefnisjöfnun tískunnar sé auðvitað aðalmálið þá sé þetta ódýrt og henti henni þar sem „ég fíla einhvern veginn líka svona „fast fashion“ vegna þess að það er alltaf leiðinlegt að vera í sama dressi og einhver annar og þetta felur í sér að maður getur bara keypt einhverja eina flik sem enginn annar getur fengið,“ segir Helga Rakei um tískufrelsi sitt.

Timaskökk tíska

„Mér finnst þetta eðlilegasti hlutur í heimi og líður náttúrulega alltaf eins og allir fari að breyta þessum vana að kaupa ný föt,“ segir Helga Rakei þegar hún er spurð hvort ekki sé við ofurefli að etja í stóra samhenginu þegar tískuiðnaðurinn er annars vegar.

„En svo um leið og ég fer út fyrir þennan innsta hring minn í skólunum og heima þá er ég strax alltaf agndofa yfir fólkinu sem bara kaupir og kaupir,“ segir Helga Rakei sem þykir síður en svo áberandi hallærslag á göngum MH þótt fötin hennar séu mörg hver komin til ára sinna.

„Nei, alls ekki, enda þykir þetta eðlilegasti hlutur í heimi. Að kaupa bara notað. Ég á alveg vini í öðrum skólum og þau dissu mig ekkert

MÉR FINNST ÞETTA EÐLILEGASTI HLUTUR Í HEIMI OG LÍÐUR NÁTTÚRLEGA ALLTAF EINS OG ALLIR FARI AÐ BREYTA ÞESSUM VANA AÐ KAUPA NÝ FÖT.

fyrir þetta og skammast sín eiginlega bara frekar fyrir að vera í hinu liðinu.“

Fúkkalykt

umhverfisverndar

Þau sem fetta fingur út í fataval Helgu Rakelar eiga nær undantekningarlaust sameiginlegt að þetta er í nefinu á þeim. „Ég hef reyndar fengið að heyra að það sé svo vond lykt inni í svona búðum og þegar ég þæli í því þá er þetta helst eitt-hvað svona: „Ugghhh, ég get ekki verið í fötum sem annað fólk hefur átt!“ Sumum finnst það eitt-hvað subbullegt og að fötin lykkti öll illa sem mér finnst bara fyndið,“ segir Rakei og bætir

við að það sé ekkert mál að raða notuðu flikunum saman þannig að úr verði hvort heldur sem er finasti spari- eða hversdagsglæðnaður.

Ránið á týndum fötum foreldranna

Nytjamarkaðir eru helstu veiðilendur Helgu Rakelar sem leitar helst fata hjá Rauða krossinum. „Svo er það fatamarkaðurinn á Hlemmi, Hertex, Nytjamarkaður Samhjálp og stundum Spúútník en þar getur maður alveg lent á gallabuxum á tíu þúsund kall sem kosta miklu minna í til dæmis H&M,“ segir Helga Rakei sem sættir sig við að notað er ekki alltaf ódýrasti kosturinn.

„Ég er svo líka bara dugleg að grafa í skápum. Mamma geymir allt og ég hef fengið helling frá henni af einhverju sem hún átti þegar hún var yngri og þetta fer alltaf bara í hring. Það er rosalega fyndið. Ég byrjaði í rauninni frekar snemma á þessu og þá á því að ganga bara í buxum af pabba og belta þær mjög vel. Það hefur virkað mjög vel,“ segir Rakei sem finnst frábært að geta þannig virkjað hina eilífu hringrás tískunnar.

toti@frettabladid.is

Rautt vestið frá Samhjálp smellpassar við buxur úr Spúútník.

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts

- ↳ Lítil orka
- ↳ Þröttleysi
- ↳ Veik bein
- ↳ Hormóna ójafnvægi
- ↳ Svefntruflanir
- ↳ Vöðvakrampar, kippir og spennar
- ↳ Kólkun líffæra
- ↳ Óreglulegur hjartsláttur
- ↳ Kvíði
- ↳ Streita
- ↳ Þirringur



www.mammaveitbest.is

ALUPROF

GEZE

Þjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.



JÄRN & GLER

Járn & Gler ehf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

LAGERHREINSUN



ALLT Á AÐ
SELJAST



HEITIRPOTTAR.IS

HÖFÐABAKKI 1
SÍMI 7772000

TILBOÐ

LÚÐA 1.990 KR/KG



FISKIBOLLUR

2 FYRIR **1**

KAUPIR 1 KG FÆRÐ 2 KG.



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 555 2800



DORMA
Láttu drauminn rætast
SMÁRATORGI | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

Fyrir þínar
bestu stundir

AFFARI
Sense ilmkerti.
Nokkrir ilmir.

Fullt verð: 3.590 kr.
Jólatilboð aðeins **2.872 kr.**

JÓLATILBOÐ

**20%
AFSLÁTTUR**

**ILMKERTI,
LUKTIR OG
KERTASTJAKAR
FRÁ AFFARI**

www.dorma.is
VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

Þú finnur jólabækling Dorma á www.dorma.is

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18.30
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagarður, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörði

DORMA
Láttu drauminn rætast

JÓL Í BÆ

Jólatónleikar
- í Fríkirkjunni í Reykjavík.

Jólatónleikar til styrktar Líf styrktarfélagi Landspítalans
fimmtudaginn 5. desember kl. 12

Miðasala á tix.is og við innganginn - Miðaverð 2500.-



Bjarney heldur utan um sölu á Miðflokks-kaffibollunum á netfanginu bjarney@kopavogur.is. Stykkið kostar 3.000 krónur og hún sendir að sjálfsögðu út á land þaðan sem pantanir hafa þegar borist. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hestur Miðflokksins heitur á kaffibollum

Miðflokksfélag Hafnarfjarðar safnar upp í húsaleigu með sölu á kaffibollum sem skarta gæðingnum í merki flokksins. Miðflokkurinn fær ekki krónu en Sigmundur Davíð fær kannski bolla fyrir jólin „ef hann hagar sér vel“.

Víðbrögðin hafa verið ótrúlega góð og fyrirsurnum um bollana rignir inn. Enn eru samt nokkrir eftir og það er byrjað að búa til fleiri,“ segir Bjarney Jóhannesdóttir, varabæjarfulltrúi Miðflokksins í Hafnarfirði, um kaffibolla með merki flokksins sem flokksfélagið í bænum selur upp í húsaleigu.

„Allir oddvitar og þingmenn verða að sjálfsögðu að eignast svona bolla til að drekka morgunkaffið úr og Gunnar Bragi, Karl Gauti og Siggí stormur hafa, svo einhverjir séu nefndir, nú þegar tryggt sér nokkur stykki,“ segir Bjarney sem sér jafnvel fyrir sér þverpólitískan áhuga á leirtauinu eftirsóttá. „Það geta allir sem vilja fengið bolla sama úr hvaða flokki þeir koma.“

Aðspurð segir Bjarney kanónurnar Vigdís Hauksdóttir borgarfulltrúa og sjálfan formanninn, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, ekki enn hafa tryggt sér Miðflokksbolla en það hljóti að breytast snarlega. „Vigdís hefur ekki falast eftir bolla enda eru þeir nýtilkomnir og salan rétt að byrja.“

Bolla beitt fyrir vagninn
Bjarney segir áhugann og kraftinn slíkan að ekki verði hjá því komist að leigja húsnæði undir starfsemi Miðflokksfélagsins í Hafnarfirði.

**ÞAÐ GETA ALLIR SEM
VILJA FENGIÐ BOLLA
SAMA ÚR HVADÁ FLOKKI ÞEIR
KOMA.**

skoða hvort við gætum ekki einhvern veginn létt okkur röðurinn og þá bara datt okkur þetta í hug. Hvort það væri ekki hægt að setja lógó á bolla og selja. Þannig að þetta kom nú bara til vegna þess að við erum að reyna að styrkja okkur í þessum leigumálum,“ segir Bjarney sem gekk sjálf í málið og salan hófst síðan um helgina í vikulegu vöflukaffi félagsins á laugar-dögum.

Stilltur Sigmundur fær bolla

„Og þetta bara vakti svona lukku að ég setti nýja pöntun af stað strax eftir helgina þannig að þetta sem var nú bara svona tilraunastarfsemi hefur eiginlega fengið fánalega góð viðbrögð,“ segir Bjarney hlæjandi og bætir við að áhuginn leynist víða. „Fólk utan af landi er meira að segja búin að hafa samband og biðja um að fá senda bolla.“ Bjarney hefur ekki enn fengið pantanir í heilu stelli en algengt er að fólk vilji fá ýmist tvo bolla eða þrjá. Tveir séu eiginlega lágmark þar sem það verði helst að drekka Braga-kaffið með einhverjum.

Miðflokkurinn fær ekki krónu af söluhagnaðinum en Bjarney segir uppátæki þeirra í Hafnarfirði þó njóta velþóknunar flokksforystunnar. „Þeim fannst þetta nú bara sniðugt og Gunnar Bragi og Karl Gauti eru nú allavega báðir búnir að fá sína bolla. Þeir eru vöðu duglegir að koma og voru hjá okkur á laugardaginn,“ segir Bjarney og hlær. „En nei, flokkurinn fær nú engar prósentur en ef Sigmundur Davíð hagar sér vel læt ég hann kannski hafa bolla fyrir jólin.“ toti@frettabladid.is



„Við höfum verið að leigja húsnæði til að hittast enda er fólk áhugasamt og starfið hérna öflugt og til þess að halda svona starfi gangandi þarf að hafa einhvern samastað og allt kostar þetta pening.“

Þeir sem þiggja laun fyrir setu í ráðum og nefndum borga bara leiguna úr eigin vasa og við höfum verið sex eða sjö sem látum eitt-hvað af hendi rakna í hverjum mánuði. Við erum búin að vera að

SÍMAR AUGLÝSINGAÐELDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðstaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFTIR: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrónnar Helgason hronnar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

HÚRRA FYRIR HÖFUNDUNUM!

VIÐ ÓSKUM HÖFUNDUM FORLAGSINS TIL HAMINGJU
MEÐ TILNEFNINGARNAR TIL FJÖRUVERÐLAUNANNA 2019



KJARVAL – MÁLARINN SEM FÓR SÍNAK EIGIN LEIÐIR Margrét Tryggvadóttir


Hér er sögð saga Jóhannesar S. Kjarvals og varpað ljósi á bæði sérlundaðan mann og einstakan listamann. Fjöldi málverka er í bókinni, auk ljósmynda af fólki og fyrirbærum.



AMB / STUNDIN



KB / FRÉTTABLAÐIÐ




JAKOBÍNA – SAGA SKÁLDS OG KONU Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir

Bókin veitir dýrmæta innsýn í líf Jakobínu Sigurðardóttur og varpar nýju ljósi á verk hennar. Það er dóttir skáldsins sem segir frá og fléttar listilega saman endurminningar, heimildavinnu og ögn af skáldskap.



SBS / MORGUNBLAÐIÐ



LISTIN AÐ VEFA Ragnheiður B. Þórsdóttir

Yfirgripsmikið og fróðlegt rit um vefnað að fornu og nýju, um vefjar efni og spunatrefjar, tæki og tól, uppsetningu í vefstað og vefstól, bindifræði og mismunandi vefnaðargerðir.

Ómissandi bók fyrir áhugafólk um handverk, enda er hún í senn gagnlegt uppsláttarrit og kennslubók.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla daga í desember; sjá nánar á www.forlagid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is

Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Torg. ehf

PÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Davíðs
Þorlákssonar




Skóli í vanda

Í fyrradag voru nýjar niðurstöður alþjóðlega námsmatskerfisins PISA birtar. PISA var komið á fót af OECD árið 2000. Þróuðustu ríki heims eiga aðild að OECD og taka öll þátt í PISA auk annarra ríkja. Sérfræðingar frá öllum heimshornum hafa komið að þróun kerfisins. PISA er ekki fullkomið frekar en aðrar kannanir. Það nýtist hins vegar til að bera saman árangur íslenskra ungmenna milli ára og bera gengi þeirra saman við jafnaldra í öðrum löndum. Enginn betri mælikvarði er til. Niðurstaðan er að lesskilningur og læsi á náttúruvísindi dala og þar erum við enn undir meðaltali OECD. Læsi á stærðfræði batnar og við komumst upp fyrir meðaltal OECD þar.

Samtök atvinnulífsins kynntu fyrir mánuði níu tillögur að því hvernig mætti bæta námsárangur í grunnskólum. Tillögurnar eru byggðar á samtölum við fjölda innlendra fagaðila og á innlendum og erlendum skrifum. Lagt var til að aukin áhersla yrði lögð á lestur, stærðfræði og vísindi, notaðar yrðu alþjóðlega viðurkenndar aðferðir við lestrarkennslu, aðkoma fleiri fagstétta að grunnskólum yrði aukin, hlúð yrði sérstaklega að drengjum, meðal annars með fjölgun karlkennara, að börnum innflytjenda og að þeim sem geta orðið afburðanemendur, sjálfstætt starfandi skólar yrðu eflir, sjálfstæði opinberra skóla yrði aukið og grunnskólinn yrði styttr í níu ár með lengingu skólaársins.

Á sama tíma erum við að verja herra hlutfalli þjóðarframleiðslu til grunnskóla en nokkurt annað OECD-ríki. Það hljóta allir að vera sammála um að þetta er óásættanlegt og við þurfum að skoða tafarlaust hvað við getum gert til að bæta þetta.



TVEIR RISALEIKIR Á SÍMINN SPORT

Í kvöld mætir José Mourinho aftur á Old Trafford og Gylfi Sigurðsson og félagar sækja Liverpool, topplið ensku deildarinnar heim á Anfield.

Siminn Sport 2 19.00 **MAN. UTD. - TOTTENHAM**
Siminn Sport 19.45 **LIVERPOOL - EVERTON**

siminn.is/siminn-sport



Gefðu
SPORT
í jólapakkann



ICELANDAIR nettó HÚSASMÍÐJAN Coca-Cola

FRÍTT KAFFI
Í DESEMBER



Kvikk
ON THE GO

